

Heit og ljúffeng



PIZZA

Hafnarstræti 7 • 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
til íbúðakaupa

• Greiðslumat á netinu
• Lánsumsókn á netinu

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is




Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár

BÆJARINN BESTI

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 8. júní 2006 • 23. tbl. • 23. árg.

K-listi og A-listi mynda meirihluta í Bolungarvík


K-listi og A-listi hafa samið um meirihlutasamstarf í bæjarstjórn Bolungarvíkur á komandi kjörtímabili. Skrifað var undir samninga á þriðjudagskvöld í síðustu viku. „Nú er þetta í höfn og við náðum finu samkomulagi við K-listann og skemmtilegir tímar eru framundan. Við stigum varlega til jarðar og tókum okkur tíma til að ákveða þetta. Við erum rosalega hjartsýn og vonum að bæjarbúar haldi áfram að styðja við bakið á okkur. Samkomulagið var gert eftir vilja Bolvíkinga en við fundum þrýsting að við myndum flöt á samstarfi“, segir Soffía Vagnsdóttir oddviti K-listans.

Anna Guðrún Edvardsdóttir oddviti A-listans segir að þar sem K-listinn hafi fengið flest atkvæði í kosningunum þá sé ljóst að kjósendur vilji breytingar, en Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið í meirihluta

bæjarstjórnar síðan Bolungarvík fékk kaupstaðarréttindi. „Því var það skylda okkar að tala við K-listann. Við þreifum á Sjálfstæðisflokknum líka en náðum samkomulagi við K-listann“, segir Anna. Embættum forseta bæjarstjórnar og formanns bæjarráðs verður skipt á milli listanna.

Ákveðið hefur verið að auglýsa eftir bæjarstjóra. „Við náðum samkomulagi um að ráða bæjarstjóra þar sem við vorum sammála um að gott væri að fá ferskt blóð. Við fórum strax að þreifa fyrir okkur en höfum engan í huga enn. Það er svo mikilvægt að þetta lukkast að við þurfum að vanda það mál vel“, segir Soffía.

Þetta mun vera í fyrsta sinn sem Sjálfstæðismenn eru ekki ýmist með hreinan meirihluta, eða eiga aðild að meirihluta í Bolungarvík í rúmlega 30 ár.



Soffía Vagnsdóttir oddviti K-listans og Anna Guðrún Edvardsdóttir oddviti A-listans skrifa undir samninga um meirihlutasamstarf. Mynd: Haukur Vagnsson.

„Það segja mér pólitískt fróðari menn en ég að þetta séu tímamót og við erum mjög stolt að eiga hlut í því að leiða inn nýja starfshætti. Allir hafa

þó sömu markmið að sinna bænum vel en sum mál eru mikilvægari en önnur, þar er efst á baugi atvinnumálin og að virkja bæjarbúa. Við ætlum

okkur að opna stjórnarsýsluna enn frekar og þó að sjávarútvegurinn sé öflugur þá vantar eitthvað meðlæti með“, segir Soffía. – thelma@bb.is

Fæðingardeild FSÍ ekki lokað í sumar

Fæðingardeild Fjórðungs-sjúkrahússins á Ísafirði verður að öllum líkindum ekki lokað í sumar en stjórn Ljósmeðrafélags Íslands lýsir yfir áhyggjum sínum vegna sumarlokana sem fyrirhugaðar eru á meðgöngu- og fæðingardeildum víðsvegar um landið.

„Við höfum aldrei þurft að loka og munum reyna að halda okkar striki eins og undanfarin ár og það verður svo bara að koma í ljós hvernig það gengur“, segir Pröstur Óskarsson,

framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Ísafjarðarbæ. Á vef Ríkissútvarpsins er greint frá því að samkvæmt tilkynningu frá Ljósmeðrafélaginu þurfi konur í Keflavík og á Akranesi að sækja umrædda þjónustu til Reykjavíkur hluta sumarsins og konur á Austurlandi þurfi að sækja þjónustuna annað hvort til Akureyrar eða Reykjavíkur. Lokanirnar geti því valdið barnshafandi konum miklum óþægindum og jafnvel hættu.

Einnig kemur fram í tilkynningu að sameining meðgöngu- og sængurkvenna-deilda Landspítala-Háskólasjúkrahússins, hafi í för með sér mikla skerðingu á þjónustu við þær konur sem veikastar eru og þurfa að liggja á meðgöngudeild eða sængurkvenna-deild. Auk þess muni lokanirnar hafa í för með sér stóru- og álög á ljósmeður Landspítalans sem munu þurfa að sinna þeim konum sem annars myndu fæða í sinni heimabyggð.



Ófrískar konur fyrir vestan þurfa ekki að hafa áhyggjur af sumarlokunum fæðingardeilda sjúkrahússins á Ísafirði.



Nýtt
símanúmer
Landsbankans
á Ísafirði
er

410 4156

Landsbankinn
Sími 410 4156
Fax 410 3018

úrval

Samkaup

OPIÐ:
virka daga
kl. 09 - 21
laugard. 10-21
sunnud.
kl. 12 - 21
Verið
velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
HAFNARSTRÆTI 9-13
SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Kongaráttur 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA
ÞJÓNUSTA
EIMSKIPS
525 7800



Flugvél hlekkist á

Flugvél hafnaði í Fljótavík á Hornströndum vegna vélarbilunar stuttu fyrir kvöldmatarleytið á mánudag. Vélin, sem er af gerðinni Cessna 180, var að koma inn til Fljótavíkur þegar flugmanni leist ekki á aðflugið og ætlaði að gera aðra tilraun til landingar.

Þá missti hreyfillinn afl með þeim afleiðingum að vélin lenti í vatninu. Flugmaðurinn var einn um borð og sakaði ekki. Að sögn lögreglunnar á Ísafirði er vélin mikið skemmd. Ekki er vitað hver orsök bilunarinnar er. — thelma@bb.is

Fjölbreytt dagskrá

Dagskrá tónlistarhátíðarinnar Við Djúpið er óðum að myndast en hún verður haldin í fjórða sinn dagana 20.-25. júní. Dagsetning þriggja tónleika hefur verið ákveðin. Þriðjudaginn 20. júní munu Guðrún S. Birgisdóttir, flautuleikari og Peter Máté, píanóleikari halda tónleika þar sem m.a. má finna verk eftir Chopin, Hjalmar H. Ragnarsson og Debussy. Fimmtudaginn 22. júní mun síðan Tinna Þorsteinsdóttir, píanóleikari leika verk eftir íslensk tónskáld.

Laugardaginn 24. júní halda Sigrún Hjálmtýsdóttir, sópran og Anna Guðný Guðmundsdóttir, píanóleikari tónleika. Þá mun kennsla hjá píanónemendum og flautunemendum hefjast þriðjudaginn 20. júní og ljúka á föstudaginn 23. júní. Kennsla hjá söngnemendum hefst miðvikudaginn 21. júní með einkatímum hjá Sigrúnu en masterklassar ásamt Önnu Guðnýju verða laugardaginn 24. júní og sunnudaginn 25. júní. Kennsla lýkur 25. júní. Þess má geta að skráningarfrestur er til 15. júní. Hátíðin verður með svipuðu sniði og undanfarin ár.

Vesturferðir hætta rekstri upplýsingamiðstöðvar ferðamála

Vesturferðir hafa hætt rekstri upplýsingamiðstöðvar ferðamála, og var síðasti starfsdagur á miðvikudag í síðustu viku en eins og kunnugt er sagði bærinn upp samningi sínum við Vesturferðir á síðasta ári. Ísafjarðarbær tekur við rekstrinum sem þó verður áfram í Edinborgarhúsinu.

„Við erum núna hlið við hlið, en vorum áður saman“, segir Gylfi Ólafsson, nýráðinn framkvæmdastjóri Vesturferða. Þessa dagana standa yfir endurbætur og stækkun á húsnæðinu til þess að útbúa sitt rýmið fyrir hvort fyrirtækið. Þá er einnig unnið að hellulögnum og endurbótum á bíla-

stæði fyrir framan skrifstofuna, og standa vonir til þess að hægt verði að ljúka hluta verksins í júní og það verði fullklárað í haust.

„Nokkrar tafir hafa þó orðið á framkvæmdum af ýmsum orsökum og eru viðskiptavinir beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem þessar framkvæmdir hafa á starfsemi skrifstofanna“, segir í tilkynningu frá Vesturferðum. Heimir G. Hansson var svo ráðinn forstöðumaður Upplýsingamiðstöðvarinnar fyrir skemmstu, en hann ku vera staddur í Kanada þessa dagana þó væntanlegur sé á svæðið.

— eirikur@bb.is



Edinborgarhúsið á Ísafirði þar sem upplýsingamiðstöð ferðamanna er til húsa.

Síðasti kennsludagur í gamla barnaskólahúsinu á Ísafirði

Á þriðjudag í síðustu viku var síðasti kennsludagur í gamla barnaskólahúsinu við Aðalstræti. Í þessu sögufræga húsi hafa langsamlega flestir þeirra sem alist hafa upp á Ísafirði gengið í skóla. Húsið hefur verið barnaskóli frá árinu 1901 og má því gera ráð fyrir að elstu nemendurnir sem gengið hafa í skólann hafi verið fæddir á tíunda áratugi nítjándu aldar, ef ekki hreinlega þeim níunda. Húsið verður rífið að stórum hluta í sumar og stendur eftir svo mikið breytt að varla verður hægt að tala um það sem sama hús. Síðastliðin ár hafa yngstu nemendur Grunnskólans á Ísafirði numið í húsinu en þeir flytjast nú yfir í gamla Kaupfélags húsið.

Byggja á nýja tengibyggingu á milli nýja barnaskólans og þess gamla og mun því núverandi tengibygging víkja, auk stórs hluta af gamla barnaskólanum, eins og áður segir. Einnig er áætlað að byggja viðbyggingu við gamla barna-



Nemendur í 2. H á síðasta kennsludegi í gamla barnaskólahúsinu.

skólann í áttina að húsinu sem áður hýsti verslunina Björnsbúð en hýsir nú hárgreiðslustofu og verslun á jarðhæð. Ætla má að mestallt leiksvæði yngri nemenda Grunnskólans Ísafjarðar við gafl gamla skólans og stór hluti af portinu við skólann falli undir framkvæmdasvæði vegna nýbyggingar, þegar framkvæmdir hefjast.

Skrifað var undir samning

um hönnun viðbyggingar í júní. Samið var við Arkiteo ehf. um hönnunina en um er að ræða nýja tengibyggingu, sem verður 1.800 fermetrar að stærð á tveimur hæðum, á milli nýja barnaskólans og þess gamla, eins og áður segir.

Eins og kunnugt er lagði byggingarnefnd framtíðarhúsnæðis Grunnskólans á Ísafirði til að efri hæð Sundhallarinnar á Ísafirði yrði innréttað sem

skólahúsnæði og annað nærliggjandi húsnæði nýtt eftir þörfum fyrir þá nemendur sem nú hætta námi í gamla skólanum. Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fól nefndinni að finna nýja lausn á bráðabirgðahúsnæði fyrir nemendur eftir að ákveðið var að ekki væri rétt að flytja tvo árganga í húsnæði gamla Íshúsfélagsins, eins og verið hafði í umræðunni. Flutningurinn hafði verið

samþykktur þegar upp kom ágreiningur á milli bæjaryfirvalda og skólafyrirvalda um hvaða aldurshópa ætti að flytja í húsnæðið en það þótti nokkrum vandkvæðum bundið að flytja yngri bekkina þar sem nær engin skólalóð er við húsið auk þess sem ein helsta umferðaræð bæjarins liggur þar framhjá. Þá þótti einnig erfitt að flytja eldri bekkina í húsið þar sem mikil kennarskipti eru hjá þeim og nokkur gangur er frá grunnskóla-svæðinu að Íshúsfélaginu. Sá kostur að nýta sundhallarhúsnæðið komst því aftur í umræðuna, en sú lausn var uppi á borðinu þegar hugmyndin um Íshúsfélagið kom inn í myndina.

Töluverðar framkvæmdir hafa nú þegar verið gerðar á Grunnskólanum á Ísafirði. Búið er að endurnýja klæðninguna á gagnfræðaskólahúsinu, taka samkomusalinn í gegn, koma upp mötuneyti, taka í gegn framhlið gamla barnaskólans auk þess sem margt hefur verið gert í Kaupfélags húsinu.

— eirikur@bb.is



Orkubú Vestfjarða hf

Vélstjóri

Vélstjóri óskast til sumarafleysinga við Mjólkárverkjun í Arnarfirði. Húsnæði á staðnum.

Frekari upplýsingar veitir stöðvarstjóri í síma 450 2400.

Orkubú Vestfjarða.

Ásel og Sparisjóður Vestfirðinga bjóða upp á garðalán

Ásel ehf., á Ísafirði og Sparisjóður Vestfirðinga hafa hafið samstarf og geta nú viðskiptavinir verktakafyrirtækisins sótt um garðalán. „Þetta er í fyrsta sinn svo ég viti til að boðið er upp á sérstök garðalán, þau eru eins og

bílalán en bara fyrir gördum“, segir Skafti Elíasson einn eigandi Ásels. Aðspurður hvort samstarfið hafi verið lengi í bígerð segir Skafti að svo sé ekki.

„Við höfum rætt þetta á milli okkar í um tvo mánuði

og höfum nú komist að niðurstöðu.“ Ásel ehf. er framleiðslu og þjónustufyrirtæki sem starfar við framleiðslu og uppsetningu garða, gatna, gangstétta og alla almenna verktöku með stein og múr. Ásel framleiðir hellur,

steina og steypu og ræktar sumarblóm og plöntur. Fastir starfsmenn fyrirtækisins eru 12 en fjölgartöluvert yfir sumarið. „Til þess að fá garðalán geta viðskiptavinir okkar haft samband við okkur“, segir Skafti.

— thelma@bb.is

Flutningabíll valt í Hestfirði

Flutningabíll, sem var með fullfermi af fiski, valt í Hestfirði í Ísafjarðardjúpi á þriðjudagskvöld. Engin slys urðu á fólki.

Félagar úr Björgunarfélagi Ísafjarðar voru kallaðir út ásamt lögreglu til hreinsunarstarfa og lauk því verki um kl. 7 morguninn eftir. Orsök slyssins er ekki kunn og málið í rannsókn hjá lögreglunni. —*thelma@bb.is*

Bjarni sigraði

Bjarni Pétursson (GBO) sigraði án forgjafar á Gullaugamótinu í golfi sem haldið var á Tungudalsvelli á sunnudag. Keppt var í högguleik með og án forgjafar. Bjarni fór holurnar 18 á 77 höggum. Þess má geta að þetta er annað árið í röð sem Bjarni er sigurvegari mótsins.

Annar varð Þorsteinn Örn Gestsson (GI) á 77 höggum og þriðji varð Rögnvaldur Magnússon (GBO) á 79 höggum. Bjarni Pétursson sigraði einnig með forgjöf á 68 höggum. 40 keppendur tóku þátt í mótinu.

Japönskum fréttamönnum sýnd ísfirsk glímubrögð

Ísfirsku Íslandsmeistararnir í glímu, Brynjólfur Rúnarsson og Stígur Berg Sophusson, héldu sýningu á þessari fornu íþrótt fyrir japanska fréttamenn á íþróttavellinum á Torfnesi á laugardag. Japanirnar eru staddir á Íslandi til þess að kynna sér land og þjóð.

„Ég hef verið leiðsögumaður til margra ára og mér fannst alveg frábært að fá sýningu á glímu þar sem sú íþrótt er eitt hvað alveg séríslenskt sem við eigum“, segir Ingibjörg Inga-dóttir leiðsögumaður gestanna. Eins og greint hefur verið frá vann glímusveit íþróttafélagsins Harðar á Ísafirði Íslandsmeistaratitilinn í unglingsaflokki í sveitaglímu Íslands í apríl. Glímuíþróttin hefur aukið mjög fylgi sitt á norðanverðum Vestfjörðum eftir að íþróttafélagið Hörður stofnaði glímudeild.

Japönsku ferðamennirnir voru staddir á Ísafirði í einn dag. —*thelma@bb.is*



Brynjólfur Rúnarsson og Stígur Berg Sophusson sýndu ýmis glímubrögð á íþróttavellinum á Torfnesi.

Halldór og Elín Marta sigruðu á kajakmóti Eiríks rauða

Ísfirðingarnir Halldór Sveinbjörnsson og Elín Marta Eiríksdóttir fóru með sigur af hólmi á árlegu kajakmóti Eiríks rauða sem haldið var í Stykkishólmi um helgina. Keppt var í karla- og kvennaflokki í sprettróðri. Veltukóngurinn 2006 var Þróstur Þórisson frá Ísafirði og þótti hann vel að titlinum kominn. Hann sýndi mikla yfirburði og gaf góða kynningu á grænenskum veltum að keppni lokinni.

Elín Marta varð veltudrottning mótsins. Þess má til gamans geta að Halldór var einmitt veltukóngur mótsins 2004. Sérstakir gestir mótsins í ár voru þau Jeff Allen frá Bretlandi og Hadas Feldman frá Ísrael en þau hafa í sameiningu róið í kringum Japan og eyjuna Suður Georgíu. Samhliða mótinu fór fram æfing á björgun úr kajak á þyrilu. Það mun vera í fyrsta sinn sem slík æfing fer fram.



Elín Marta Eiríksdóttir sigraði í kvennaflokki og varð veltudrottning Eiríks rauða í ár.



Tónleikagestir klöppuðu Karlakórnum Erni óspart lof í lófa í Hafnarfjarðarkirkju.

Ernir styrkir Sigurvon

Tvö hundruð þúsund krónur söfnuðust á tónleikum sem karlakórinn Ernir hélt í Hafnarfjarðarkirkju til styrktar Krabbameinsfélaginu Sigurvon á annan í hvítasunnu. Kirkjan var nánast full og mikil stemmning. „Tónleikagestir klöppuðu kórnum óspart lof í lófa og söng kórinn þrjú aukalög“, segir í frétt frá Sigurvon. Um 50 karlmenn eru í kórnum. Stjórnandi hans er María Jolanta Kowalczyk og undirleikari er systir hennar, Elzbieta Anna Kowalczyk.

Kórinn er nú staddur í Póllandi þar sem hann mun meðal annars halda tónleika í frægum saltánamum í nágrenni við Kraká á yfir 130 metra dýpi undir yfirborði jarðar. „Stjórn Sigurvonar vill koma á framfæri þakklæti til kórfélaga og einnig forráðamönnum Hafnarfjarðarkirkju en hún var lánuð endurgjaldslaut. Að lokum óskum við kórnum, stjórnanda og undirspilara ánægjulegrar ferðar um Pólland“, segir Sigurður Ólafsson formaður Sigurvonar fyrir hönd stjórnar félagsins. —*thelma@bb.is*

Konur í minnihluta í öllum sveitarstjórnnum á Vestfjörðum

Hlutfall kvenna í sveitarstjórnnum á Vestfjörðum verður 36% á komandi kjörtímabili, og hefur dregist lítillega saman, en hlutfallið var 37% fyrir síðustu kosningar. Á því kjörtímabili sem senn er á enda er einungis ein sveitarstjórn á Vestfjörðum þar sem konur eru í meirihluta, það er

í Broddaneshreppi sem heyrir brátt sögunni til ásamt Hólma-vík, en þessir tveir bæir sam-einast í Strandabyggð á næstu dögum. Alls er 21 kona sveitarstjórnarmaður á Vestfjörðum, en 37 eru karlar.

Í Ísafjarðarbæ fækkar kvenkyns bæjarfulltrúum um einn, úr fjórum konum á móti fimm

körum, í þrjár konur á móti sex körum. Þá fjölga kvenkyns bæjarfulltrúum um einn í Bæjarhreppi, Reykhólahreppi og Tálknafirði. Í Broddaneshreppi og Hólma-víkurhreppi voru 10 sveitarstjórnarmenn, fimm konur og fimm karlar. Í öðrum sveitarfélögum stendur kynjaskipt-

ingin í stað.

Hluttur kvenna í sveitarstjórnnum landsins jókst hins vegar um tæplega 4%, úr 32% í 35,9%. Hluttur kvenna er því nú svipaður á landinu öllu og hann er á Vestfjörðum. Þar áður var hluttur kvenna um 28% í sveitarstjórnnum landsins. —*eirikur@bb.is*

Slunkaríki flytur í Edinborgarhúsið

Öll starfsemi Slunkaríkis á Ísafirði hefur legið niðri frá því um áramót, en síðasta sýningin þar var „Tjáningarskráningaskrifstofa“ Óskar Vilhjálmssdóttur og Önnu Hallin. Að sögn Jóns Sigurpálssonar, eins af forsvarsmönnum Myndlistarfélagins sem rekur Slunkaríki, hefur rekstur gallerísins ekki gengið frá því

að styrkur sem það hlaut úr félagsheimilaskjóði var skorinn niður um helming.

„Við fengum fastan styrk upp á 30 þúsund krónur fyrir hvern listamann“, segir Jón. „Sá styrkur fór niður í 15 þúsund krónur og með því brast rekstrargrundvöllurinn.“ Sá háttur var hafður á hjá Slunkaríki að flytja inn þá listamenn

sýndu í galleríinu, borga undir þá flug og gistingu, í góðu samstarfi við Áslaugu Jensdóttur og gistiheimili hennar, en tekjur gallerísins komu aðallega frá félagsheimilaskjóði, eins og áður segir, og menningarmálanefnd Ísa-fjarðarbæjar sem Jón segir hafa bjargað miklu. „Þá hefur stöku sinnum dottið inn sýn-

ing sem einhverjar sölutekjur eru af, en galleríið tekur 25% þóknun fyrir slíkt, en það er í raun afar sjaldgæft.“

Slunkaríki er þó ekki af baki dottið heldur mun það flytja sig um set og koma sér fyrir í Edinborgarhúsinu. „Í raun má segja að við höfum látið teikna Slunkaríki upp á nýtt inn í Edinborgarhúsið“, segir Jón.

„Rýmið er næstum því alveg eins. Að vísu er veggjanýtingin betri, enda fór heill veggur undir glugga niðri í Slunkaríki, en rýmið er nákvæmlega eins í fermetrum talið.“ Galleríið, sem hefur verið á sama stað við Aðalstræti í ein 22 ár, bíður nú þess að gengið verði frá Edinborgarhúsinu en vonir standa til þess að það verði

tilbúið næsta vetur. Leigukjör í Edinborgarhúsinu verða eðlilega hagstæð enda eru sömu rekstraraðilar að Edinborgarhúsinu og Slunkaríki. Þá segist Jón líka vona að samrekstur Slunkaríkis með öðrum rekstri í Edinborgarhúsinu muni draga úr kostnaði, t.d. við yfirsetur á sýningum.

—*eirikur@bb.is*

Maður lærir jafn mikið af því að hlusta og af því að æfa sig

Arnprúður Gísladóttir er nítján ára Ísafirðingur sem hefur margt til brunns að bera þrátt fyrir ungan aldur. Hún spilar á hljóðfæri og það fleira en eitt, kennir líka á hljóðfæri, hefur æft skíði og verið í skátunum. Leiklist heillar hana og þá aðallega leikstjórn. Hún hefur tekið þátt í tveimur Sólrisleikritum, leikið með Morranum og spilað í Söngvaseið sem Litli leikhópurinn í Tónlistarskóla Ísafjarðar setti upp fyrir nokkrum árum síðan. Hér segir hún frá því hvað hún hefur verið að gera í gegnum tíðina og hvað er næst á dagskrá.

– Hvaða hljóðfæri ertu að læra á í tónlistarskólanum?

„Ég er að læra á þverflautu og kenna líka. Ég er líka að læra á píanó.“

– Hvað ertu búin að læra lengi?

„Ég er búin að læra í ellefu ár á þverflautu en er bara nýbyrjuð að læra á píanó. Svo hef ég líka verið að læra smá á saxófón, bara svona til að prófa.“

– En þverflautan er þitt aðalhljóðfæri?

„Já, og það er langflottast“, segir Arnprúður og hlær.

– Tekur maður stig í þverflautuleik?

„Já, það eru átta stig en það er verið að breyta kerfinu og nú er grunnstig, miðstig og framhaldsstig, og ég er sem sagt á framhaldsstigi.“

– Ertu að kenna ungum krökkum eða eldri?

„Aðallega byrjendum. Þetta eru nokkrar stelpur frá 5. og upp í 8. bekk. Sigga [skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, innsk. BB] bauð mér starfið í haust og þetta er búin að vera svo gaman að ég ákvað að sækja um í Listaháskóla Íslands. Ég kveidi því svolítið að vera að fara frá Ísafirði því ég gat ekki hugsað mér að hætta í tónlistarskólanum. Ég var ekki búin að ákveða hvað ég ætlaði að fara gera, kannski læra sögu, íslensku eða stærðfræði en er núna búin að finna draumastarfið og Sigga benti mér á að fara í inntökuþróf í tónlistardeild Listaháskólans. Ég komst inn og er sem sagt að fara í kennaranám.“

– Ertu að klára Mí núna?

„Já, ég er að klára á þremur árum, varð nítján ára í janúar. Hér vinna menntaskólinn og tónlistarskólinn frekar vel saman og það hjálpaði mér að geta klárað á þremur árum. Ég fæ t.d. tónlistarskólann metinn sem val í menntaskólanum. Þannig að það er ágætt samstarf og það er alveg frábært, sérstaklega fyrir þá sem ætla að halda áfram á tónlistarbrautinni. Mér finnst rosalega gaman að læra og ég hugsa að ég fari í meira nám eftir Listaháskólann. Líklega

tengt náminu í LHÍ en jafnvel eitthvað annað ef mér list betur á það þá. Þetta kemur allt í ljós, það er nægur tími.“

– Er þetta þriggja ára nám í Listaháskólanum?

„Já og svo eitt ár í viðbót ef maður vill fá kennsluréttindi. Þetta er þriggja ára almennt tónlistarnám með áherslu á kennslu og þverflautunám og svo get ég tekið hálf eða eitt ár í viðbót og þá fæ ég kennsluréttindi á grunn- og framhaldsskólastigi. Ég held það hafi hjálpað mér rosalega mikið við að komast inn í Listaháskólann að vera búin að fá að kenna hér. Það er náttúrulega frábært tækifæri og gott að fá að prófa.“

Maður fær að taka þátt í svo mörgu hérna. Ég er búin að taka þátt í mörgum leikritauppfærslum, var í Morranum í tvö ár og spilaði í Söngvaseið sem var undir stjórn Þórhildar Þorleifs. Svona reynsla skiptir sérstaklega miklu máli í kennaranámi. Ég var líka aðstoðarleikstjóri í tveimur Sólrisleikritum og það er gott að vera búin að fá tækifæri til að vinna með hóp og hafa umsjón með einhverju svona. Það hjálpar til og er gott á ferilskránni.“

– Hefurðu leikið að einhverju ráði líka?

„Nei, ég var bara að leika þegar ég var í Morranum í tvö sumur. En mér fannst rosalega gaman að vinna í kringum Sólrisleikritin. Það var í fyrsta bekk og núna aftur og það voru bæði söngleikir. Það er rosalega mikil vinna og svolítið erfitt stundum að þurfa skamma jafnaldra sína og vini, en maður lærir mikið af þessu. Þetta var rosalega skemmtilegur hópur og mörg skemmtileg party.“

– Hefurðu hugsað þér að blanda tónlistinni og leiklistinni eitthvað saman?

„Já, ég væri alveg til í það, að starfa í leikhúsi og vinna með skemmtilegu fólki, allavega við áhugamannaleikhús.“

Spilar í þjóðbúningi í kirkjum



– Svo hefurðu verið að spila hér og þar, m.a. fyrir túrista.

„Já, í aukavinnunni minni á sumrin þá er ég í kirkjunni í Holti eða á Hóli í Bolungarvík þegar skemmtiferðaskipin koma. Þá er ég þar í þjóðbúningi. Svo koma rúturnar frá skemmtiferðaskipunum og ég segi frá íslenskum lögum og höfundum og spila lög. Sumum finnst þetta ótrúlega magnað. Þeir vita ekkert af mér þegar þau koma. Ég er byrjuð að spila þegar þau koma og svo heyra þau bara einhverja tóna úr kirkjunni og inni er stelpa í þjóðbúningi að spila. Þeim finnst þetta rosalega eftirminnilegt og eru alltaf jafn ánægðir. Ég er búin að gera þetta í nokkur sumur og það eru örugglega til milljón myndir af mér út um allt og ég er búin að fá mörg heimboð út um allan heim.“

– Þú ert líka í lúðrasveitinni.

„Já, það er rosa gaman. Þetta er skemmtileg hljómsveit og við erum alveg frá fermingaraldri og upp í áttirætt. Það eru eldri karlar úr bransanum og svo ungir krakkar og kennarar úr tónlistarskólanum. Þeir gömlu kenna þeim yngri. Þeir kenna góðar sögur kallarnir og hafa gengið í gegnum margt. Ég byrjaði reyndar bara núna um jólin, hafði þau ekki tíma fyrir. Var í sveitinni þegar ég var yngri, fyrir mörgum árum og byrjaði aftur núna. Ég er með gamla flautukennaranum mínum í lúðrasveitinni. Hann er hættur að kenna en það er gaman að fá að sitja við hliðina á honum í lúðrasveitinni og spila með honum. Svo eru þetta líka heilu fjölskyldurnar þannig að

þetta er svolítið sérstök lúðrasveit, það eru margir ættliðir í henni.

Ég hef líka fengið að spila með strengjasveitinni í skólanum, þó ég spili á flautu, bæði einleik og meðleik með þeim. Einnig í allskonar minni kammerhópum. Svo eru náttúrulega alltaf fengnir krakkar úr tónlistarskólanum til að spila við ýmis tækifæri, í skólanum og útum allt. Þannig að það er nóg af tækifærum til að koma fram.“

– Mér heyrir vera meira en nóg að gera hjá þér!

„Já, en maður getur alltaf fundið tíma fyrir það sem er skemmtilegt og mann langar til að gera. Stundum er maður þreyttur en mér hefur aldrei verið þetta. Það er líka gaman að hafa gott fólk í kringum sig, það skiptir miklu máli.“

Á eftir að sakna Tónlistarskólans

– Svo ertu nýbúin að halda lokatónleika.

„Já, ég gerði það daginn eftir útskriftina mína úr Menntaskólanum, af því ég er nú að hætta í tónlistarskólanum líka. Þetta voru stuttir tónleikar í Hömrum en fjölbreytt verk. Mér finnst gott að vera í tónlistarskólanum og ég á eftir að sakna hans mikið. Þar er skemmtilegur andi, gott starfsfólk og frábær aðstaða. Það sýnir sig því frá því að Listaháskólinn var opnaður hefur einhver frá Ísafirði komist inn á hverju ári, einn eða tveir. Vonandi að það haldi áfram. Fyrsta árs nemar úr tónlistardeild LHÍ hafa komið hing-

hér ennþá. Það er eitthvað hér sem togar. Mig langar samt líka að prófa að búa einhvers staðar annar staðar, ég held það sé gott fyrir alla að kynna einhverju öðru, prófa að búa í höfuðborginni og úti í heimi. Þá kemst maður að því hvað það er gott að koma heim aftur. Þegar maður þekkir meira þá kann maður að meta það sem maður hefur.“

Þeir sem skrifa bækur, lesa líka bækur

„Maður hefur tækifæri til að vera í svo mörgu hér á Ísafirði, maður getur tekið þátt í öllu og ég er búin að vera heillengi á skíðum og ég var í skátunum. Maður fer ekki bara og horfir á leiksýningarnar heldur fær líka að taka þátt. Það var t.d. rosalega gaman að spila í Söngvaseið. Þegar við vorum valin áhugaleikssýning ársins og fórum í Þjóðleikhúsið var hljómsveitin stækkuð og við fengum atvinnumenn með okkur. Það var góð reynsla og líka að vinna með Þórhildi. Þetta var kannski svolítið mikið fyrir stelpu í 10. bekk en ég bý að þessu alla ævi.“


– Er þetta kostur við að búa í litlu bæjarfélagi, að geta tekið þátt í fleiru?

„Já það er það sem mér finnst svo gaman og þó ég hafi ekki verið í öllum leikritum þá hef ég kannski komið og málað smá eða gert eitthvað. Maður er tengdur öllu. Allir skipta svo miklu máli og eru alltaf til í að gera eitthvað skemmtilegt.“

– Hveturðu krakka til að læra á hljóðfæri?


„Já, það er líka þannig hér að það eru svo margir sem læra á hljóðfæri og það er af hinu góða. Það er allt svo agað og allir spila á tónleikum, læra að koma fram og líka að hlusta á tónlist. Ég held að ég hafi alltaf verið mikið betri í því að hlusta á tónlist en að spila sjálf. Mér finnst svo gaman að fara á tónleika og við fáum frábært tónlistarfólk hingað sem kemur og spilar. Það er náttúrulega mjög gott að vera með gott tónlistarfélag sem býður upp á fjölbreytta tónleika. Maður lærir alveg jafn mikið af því að hlusta og af því að æfa sig. Bara eins og þeir sem skrifa bækur, þeir lesa líka bækur. Því miður eru alltaf færri og færri sem mæta á tónleika en ég vona að það haldi ekki áfram í þá átt. Ég ætla allavega að halda áfram að mæta“, segir Arnprúður þverflautuleikari, nemi og kennari.

– gudrun@bb.is




Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annara girnilegra tilboða sem gilda 8. - 11. júní



1.521

30%




Lamborghini
grillato direttore
Comunicazione



799 ending
 Monday, October 19, 2009

Lærerbladet
rød og hvit-
blått



1.243

30%



Fluorine



149

Abstract 215 a



299

Freezer storage
plus \$100 per



839

Abstract

40%

1. **Introduction**
 2. **Methodology**
 3. **Results**
 4. **Discussion**
 5. **Conclusion**



Dei fleste
betydningsfulle
COKE eller
COKE LIGHT
og bare 2 HEM
eller frit med



199

Published Online: 2003-09-25



149

[illegible]Dwyer & Bess
250 pp.

Samkaup árvall

Tófan orðin að mikilli óáran í Ísafjarðardjúpi

Tófugangur er orðin að mikilli óáran í Ísafjarðardjúpi þar sem hún leggst á fé hjá bændum og drepur, að sögn Rögnu Aðalsteinsdóttur bónda á Laugabóli. „Fyrir nokkrum dögum vantaði lamb hjá okkur, 28 daga gamalt. Þegar það svo fannst hafði tófan brutt það alveg. Nú er svo komið að ég þori ekki að sleppa fénu“, segir Ragna en hjá henni vantaði 20 lömb í fyrrihaust og segist hún ekki leika sér að því að ala fé í kjaftinn á tófum. Þá segist

Ragna hafa sett sig í samband við yfirvöld í Súðavíkurbreppi sem ætli að senda mann til hennar til að kanna ástandið og vonandi bæta eitthvað úr því. „En það er einfaldlega verið að bregðast við of seint“, segir Ragna. „Tófan er búin að grenja sig og þá er miklu verra að ná henni.

Eins og fram kom á bb.is fyrir skemmstu hafa menn einnig kvartað undir miklum ágangi tófu við Hornbjarg þar sem fuglum ku hafa stórfækkað að sögn Tryggva Guð-

mundssonar, lögfræðings á Ísafirði, sem segir lundann gjörsamlega horfinn og hefðbundin varpsvæði svartfuglsins eydd nema á þeim stöðum sem tófan kemst ekki á, en tófan er friðuð á Hornströndum. Þá ku tófu í Hólmavíkurbreppi líka hafa fjölgað mikið undanfarnir ár og var haft eftir Þorvaldi Garðari Helgasyni, refaskyttu í Hólmavíkurbreppi, á strandir.is síðasta haust að enginn vafi léki á því að stór hluti tófanna komi úr friðlandinu á Hornströndum

þar sem verulega sé farið að þrengja að stofninum vegna fjölda dýra.

Ekki er ólíklegt að fjölgun tófu í Ísafjarðardjúpi megi að nokkru leyti rekja til friðun tófu á Hornströndum, því þó ýmsir hafi haldið því fram að tófan haldi sig jafnan á sama svæði hafa nokkrar brigður verið bornar á þá kenningu, og má meðal annars minnst þess að fyrir sex árum var tófa sem bar VHF-sendi merkt í Kjaransvík skotin við flugvöllinn í Dýrafirði. – *eirikur@bb.is*

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði

Vinnur að einleik um Spánverjavígin

Kómedíuleikhúsið á Ísafirði vinnur nú að nýjum einleik sem er saminn fyrir Snjáfjallasætur og verður frumfluttur á sýningu á Jónsmessu sem haldin er í tengslum við málþing um Spánverjavígin illræmdu sem áttu sér stað 1615, í Bæjum á Snæfjallaströnd. Málþingið er haldið í samvinnu við verkefnið Vestfirði á miðöldum, Strandagaldur, Náttúrastofu Vestfjarða og fleiri aðila. Á þinginu verður fjöldi fyrirlestra fluttur en um kvöldið verður blásið til Jónsmessukvöldvöku og þar sem m.a. ný einleikur Kómedíuleikhússins verður sýndur.

„Leikurinn verður um 15

mínútur í flutningi en of snemmt er að gefa nokkuð upp um innihaldið annað en það að Jón Guðmundsson lærði verður í aðalhlutverki en hann var sá eini sem barðist gegn þessum vígum. Líkt og vinur leikhússins Gísli Súrsson neyddist Jón til að fara í útlegð sökum orðabaráttu sinnar gegn vígunum“, segir í frétt á vef Kómedíuleikhússins.

Jón Guðmundsson ritaði sérstakt rit um Spánverjavígin, Sönn frásaga, sem er ein helsta heimildin um einu hrottalegustu atburði Íslandssögunnar. Elfar Logi Hannesson bæði skrifar og mun flytja einleikinn.

– *thelma@bb.is*



Haldið upp á 20 ára stúdentsafmæli

Haldið var upp á 20 ára stúdentsafmæli á Ísafirði um þar síðustu helgi og var mikið fjör að sögn Finnþora Sveinbjörnssonar sem fagnaði afmælinu ásamt skólasystkinum sínum. „Við hittumst fyrst á föstudaginn og héldum bocciamót, það var mjög gaman. Svo fórum við í Hæstakaupstaðarhúsið og þar voru hinir árgangarnir sem héldu upp á afmæli líka. Á laugardaginn fórum við í júbílantamálsverðinn og þar var fullt hús, síðan fór öll hersingin í útskriftarathöfnina í kirkjunni. Eftir það fengum við skoðunarferð um skólann og um kvöldið var glæsileg útskriftarveisla í íþróttahúsinu þar sem allir árgangar voru og var mikið fjör frameftir nóttu. Þessi helgi festir sig æ betur í sessi eftir því sem skólinn verður rötgrónari og þetta er eitthvað sem maður vill alls ekki missa af“, segir Finnþori. – *gudrun@bb.is*

RITSTJÓRNARGREIN

Höfum við uppskorið eins og til var sáð?

Hinn fyrsta júní síðastliðinn voru liðin þrjátíu ár síðan endanlegur sigur náðist í baráttunni fyrir óskoruðum yfirráðum okkar yfir efnahagslögsögunni með samningnum við breska heimsveldið. Í þeirri löngu og ströngu baráttu sem Íslendingar háðu fyrir útfærslu landhelginnar í tólf, fimmtíu og loks í tvö hundruð mílur, efuðumst við aldrei um tilganginn: Auðlindin yrði Íslendinga einna og afraksturinn tryggði afkomu þjóðarinnar um ár og aldir.

„Enginn vafi er á því að útfærsla landhelginnar og óskoraður réttur okkar til auðlindanýtingarinnar innan hennar, lagði grunninn að lífskjarasókn um land allt á áttunda og níunda áratug síðustu aldar og raunar síðar“, segir Einar K. Guðfinnsson, sjávarútvegsráðherra, í grein er hann nefnir „Öld hinna miklu stjórmmálasigra“. Og ráðherrann heldur áfram: „Það hefur sannast í okkar tilfelli að skynsamlegasta nýting auðlindar getur því helst orðið að hún sé í höndum sjálfstæðrar þjóðar“ og „að hagsmunir okkar sem fiskveiðipjóðar felast í ábyrgri auðlindanýtingu og skynsamlegu skipulagi, sem færir þjóðinni hámarksafkastur.“

Enginn ágreiningur var um að baráttan fyrir réttinum til að nýta auðlindirnar í hafinu væri rökrétt framhald af fyrri sigrum svo sem heimastjórninni, fullveldinu og að lyktum stofnun lýðveldisins. Og vissulega er auðvelt að taka undir orð sjávarútvegsráðherra um að hagsmunir okkar felist í „ábyrgri auðlindanýtingu og skynsamlegu skipulagi, sem færir þjóðinni hámarksafkastur.“ En vel að merkja og á því verður ekki beðist afsökunar að spurt sé: Hefur

okkur tekist svo til?

Megin hluta þess tíma sem við höfum setið einir að hitunni hefur heldur hallað á ógæfuhliðina. Veðir hafa dregist saman frá ári til árs og rétturinn til að róa til fiskjar verið söluvara með afleiðingum sem allir þekkja, en margir hverjir fást ekki til að viðurkenna. Við spurningu Fjórðungssambands Vestfirðinga um hvað farið hafi úrskaiðis í fiskveiðistjórnuninni, og sem krafist var rannsóknar á, hefur ekkert svar fengist. Og yfir ábendingu FV um að samhengi væri á milli þróunar í sjávarútvegi og íbúaþróunar á Vestfjörðum hefur verið þagað þunnu hljóði. Ábendingar, meðal annars margsinnis í BB, um að Íslendingar séu eina þjóðin sem markvisst hafi um árabíl stefnt að því að útrýma vistvænustu veiðiaðferðinni, krókaveiðum, hafa farið inn um annað og út um hitt hjá ráðamönnum þjóðarinnar, því miður.

Öll erum við stolt yfir sigrum okkar í landshelgisstríðinu. Þakklætið til þeirra er þar stóðu í stafni, og hvergi kvikuðu þótt við ofurefli væri að etja, verður aldrei full þakkað. „Ég hélt satt að segja að með því að berjast fyrir því að fá yfirráð yfir okkar fiskveiðilögsögu væri vandinn leystur. En það er nú eitthvað annað, mér sýnist vandinn hafa aukist.“ Þessi orð Guðmundar Kjaræmsted, skipherrans sem bauð breska flotanum byrginn, er vert að muna á þessum tímamótum.

s.h.



Jónas Guðmundsson, stjórnarformaður Leiðar ehf., í Bolungarvík

Leggur til að stofnað verði einka- hlutafélag um jarðgöng um Óshlíð

Jónas Guðmundsson, stjórnarformaður Leiðar ehf., hefur skrifað Sturla Böðvarssyni, samgönguráðherra, bréf þar sem segir meðal annars að ljóst sé að sá milljarður króna sem ætlaður hefur verið til að auka öryggi þeirra sem þurfa að aka til og frá Bolungarvík með jarðgangnagerð, dugi vart nema til að gera ein stutt göng. Þá er í bréfinu bent á þann möguleika að stofna einkahlutafélag um eignarhald gangnanna sem þá sæi um fjármögnun þeirra, og að ríkissjóður gæti síðan leigt göngin af einkahlutafélaginu til einhvers tíma. Þá býðst Leið ehf. til að leggja lið sitt til að koma þessu fyrirkomulagi í kring að hluta eða að

öllu leyti ef þess er óskað.

Væri þá gert ráð fyrir því að ríkissjóður, samgönguráðuneytið, Vegagerðin eða hver sá aðili sem legði fram þann milljarð sem ætlaður er til verksins, legði hann til einkahlutafélagsins sem framlag eða styrk en félagið tæki lán fyrir þeim fjármunum sem upp á vantar. Ríkið myndi svo greiða ákveðna fjárhæð til félagsins á ári í leigu. „Auk þess mætti vel hugsa sér að sveitarfélögin á svæðinu tækju þátt í kostnaði og greiddu árlegt framlag og einnig þeir sem ækju um göngin með hóflegum veggjöldum til að tryggja að göng verði lögð sem nýttast best til framtíðar liðið“, segir í bréfi Jónasar.

„Með því fyrirkomulagi sem lýst er eykst svigrúm til að afla nægilegra fjármuna til að gera fullnægjandi göng sem að hluta féllu utan gildandi samgönguáætlunar (jarðgangaráætlunar), m.a. vegna þess að fá mætti virðisaukaskatt af kostnaði við gerð þeirra endurgreiddan en hann legðist þess í stað á leigugreiðslurnar auk þess sem hugsanleg veggjöld og árlegt framlag sveitarfélaganna kynni að lækka kostnað ríkisins enn frekar. Eft.d. yrðu innheimtar kr. 100 til 150 af hverju þeirra 700 og 800 ökutækja sem vænta má að færu þessa leið á dag, en meðaldagsumferð um Óshlíð er nú rúmlega 600 ferðir, er líklegt að fá mætti um og yfir

25. m.kr. á ári. Vart yrði þó hjá því komist að setja eitt-hvert þak á greiðslur þeirra sem oftast ækju um.

Sjá má fyrir sér að ríkissjóður greiddi um 50 til 70 m.kr. á ári í leigu þ.m.t. virðisaukaskatt. Þá má vel sjá fyrir sér að sveitarfélögin legðu til t.d. 10 til 20 m.kr. á ári. Má í því sambandi nefna að undirritaður hefur fengið staðfest að Ölfushreppur ætlar að greiða 14 m.kr. í leigu á ári til Orkuveitu Reykjavíkur fyrir lýsingu á veginum frá Þorlákshöfn að Helliðsveidavegi um Þrengsli. Með þeim ca. 100 til 110 m.kr. sem fengjast með þeim hætti sem að framan er lýst mætti að frádregnum um 20 m.kr. virðisaukaskatti og

hugsanlega 4 – 5 m.kr. árlegum innheimtukostnaði af veggjöldum greiða afborganir af 25 ára láni að fjárhæð 1 milljarður króna sem væri með allt að 5% vöxtum (höfuðstóll 40 m.kr. og vextir 50 m.kr. sem síðan lækkuðu í hlutfalli við lækkaðan höfuðstóll). Ef svo bæri undir gæti ríkissjóður síðan alltaf leyst göngin til sín“, segir enn fremur í bréfinu.

Þá kemur einnig fram að Jónas telji sjálfur að rúmra 6 km göng frá Syðridal í Bolungarvík að Tungudal í Skutulsfirði sé heppilegasta lausnin, þó kostnaður við slík göng sé verulegur og myndi eflaust þýða að kostnaður væri nokkuð hærri en nefnt er hér að ofan. „Á það skal hins vegar

bent að að með slíkum göngum sýnist blasa við að sveitarfélögin sameinuðust með þeim ávinningi sem í því fælist og ætti því vel að koma til greina að einhverjir fjármunir fengjast fyrir það.“ Næst bestan kost telur Jónas að gerð verði göng frá Syðridal í Hnífsdal.

Jónas Guðmundsson nefnir það einnig sem möguleika fyrir félagið sem hann leggur til að verði stofnað að það geti haldið áfram í fyllingu tímans og unnið að breikkun einbreiðra hluta Vestfjarðangna og jafnvel komið að gerð gangna til að tryggja öryggi á leiðinni frá Skutulsfirði í Álfafjörð.

– eirikur@bb.is

● Sælkeri vikunnar • Jósefína Gísladóttir á Ísafirði

Dýringis nautasteik og Camenbert á peruborði

Sælkeri vikunnar býður að þessu sinni upp á sannkallaða veislumáltíð. Í forrétt eru fylltar lárperur, nautasteik með portvínssósu og sætum kartöflum er í aðalrétt og í eftirrétt er Camenbert á perubeði. Allar uppskriftirnar eru miðaðar við matseðil fyrir fjóra.

Fylltar lárperur

4 lárperur
1 lítill dós
1 hvítlauskreif, pressað
1 tsk sítrónupípar
10 stk grænar ólífur, saxaðar
100 g óðalsostur í litlum teningum
4 sneiðar reykt skinka,

söxuð
1 tsk oreganó

Skerið lárperurnar í tvennt eftir endilöngu og takið steininn úr. Skerið örlítið af berkinum neðan af hverjum helmingsi svo þeir standi betur og radið þeim á eldfast fat. Hrærið saman kotasælu, hvítlauk, ólífum, osti, skinku og kryddi og skiptið fyllingunni á lárperuhelmingana. Hitið í ofni við 200°C í 10-15 mínútur eða þar til allt er orðið heitt í gegn og osturinn bráðinn.

Nautasteik með portvínssósu

800 g nautalund eða annar góður vöðvi

80 g smjör
2 greinar ferskt timjan
1 grein ferskt rósmarín
Salt og pipar úr kvörn

Skiptið vöðvanum niður í fjóra hluta og steikið á háum hita í smjörinu. Bætið timjan og rósmaríngræinunum út í pönnuna. Steikið eftir smekk. Saltið og piprið, takið pönnuna af hitanum og látið steikina jafna sig.

Portvínssósa

4 dl nautasöð sem búið er að sjóða niður
100 g skalotlaukur
1 dl portvín
½ dl balsamico
40g smjör

Örlítið salt

Brúnið skalotlaukinn í smjöri. Bætið balsamico út í og sjóðið niður um ¾, bætið því næst portvíninu út í á sama hátt. Bætið soðinu út í og sjóðið þar til hæfilega þykkt. Sigtuð sósuna og bætið við salti ef vill.

Sætar kartöflur

Sætar kartöflur (magn eftir smekk)
Matarolífa
Salt
Pipar

Skerið sætar kartöflur í sneiðar, setjið í lögum á álþakka. Setjið matarolífu, salt



og pipar á milli laga. Leggið álpappír yfir og grillið þar til meyrð í gegn.

Camenbert á perubeði

Camenbertostur
Niðursoðnar perur
Hunang
Koníak
Safi af perunum
Skerið perurnar í blævæng og setjið á eftirréttadisk.

Skerið Camenbertostinn í þunnar sneiðar og stillið þremur sneiðum upp í píramíða yfir perurnar. Hellið koníaki, safa og hunangi yfir. Látið standa í um 15. mín. Skreytið með myntulaufum.

Ég skora á Ingibjörgu Guðmundsdóttur á Ísafirði að vera næstu sælkeri vikunnar.

Íslenska ríkið dæmt til að greiða Ingi- björgu Ingadóttur launaleiðréttingu

Íslenska ríkið hefur í Héraðsdómi Reykjavíkur verið dæmt til að greiða Ingi-
björgu Ingadóttur, kennara við Menntaskólann á Ísafirði, 36.431 krónu með dráttar-
vöxtum og verðtryggingu af 14.616 krónum frá 1. júní 2005 til 1. júlí, af 29.232 krón-
um frá þeim degi til 1. ágúst 2005 og af 36.431 krónu frá 1. september 2005 til greiðslu-
dags. Þá er krafa Ingibjargar setti fram um að ríkið skuli skylt til þess, að óbreyttum ráðningarsamningi, að greiða henni laun frá 1. september 2005 til 31. júlí 2006. Einnig skal ríkið greiða Ingibjörgu 300 þúsund krónur í máls-
kostnað. Ingibjörg varð fyrir launamissi vegna ákvörðunar Ólínu Þorvarðardóttur, skóla-
meistara MÍ, að svipta hana þeim launaflokki sem fylgdi sviðsstjórastarfi í erlendum tungumálum við skólann, auk launaflokki skv. svokallaðri alúðarröðun.

Ingibjörg byggði kröfur sín-
ar í málinu á því að ákvörðun skólameistarans um að svipta hana hluta af launakjörum sín-
um hafi verið ólöglegt. Hún hafi verið tekin án þess að henni væri gefinn kostur á að

tjá sig um hana og án þess að nokkrar ávörðingar hafi komið fram vegna framgöngu hennar í sviðsstjórastarfinu eða öðru því sem leitt hafi til þess á sínum tíma að hún – ein kenn-
ara við MÍ sem stundaði nám – var talin þess verðug að hljóta svokallaða alúðarröðun, sem er hækkun um einn launa-
flokk. Skólameistari hafi haft vald til að afþakka vinnufram-
lag stefnanda sem sviðsstjóra, sem hún hafi verið ráðin til frá ágústmánuði 2004 til tveggja ára, en það vald nái ekki til þess að svipta stefn-
anda launum sem sviðsstjóra-
hlutverkinu fylgi. Ingibjörg taldi að skólameistari MÍ hefði brotið gegn andmælarétti sín-
um þegar ákvörðunin var tek-
in um að svipta hana launum.

Ríkið mótmælti því að Ingi-
björg hefði verið ráðin eða skipuð í starf sviðsstjóra held-
ur hafi þar verið um að ræða sérstakt verkefni sem kennara hafi verið falið tímabundið jafnhliða kennslu samkvæmt einhliða fyrirmælum skóla-
meistara. Í greinargerð ríkisins segir að ekki verði séð að skil-
yrði fyrir því að vera falin sviðsstjórn/deildarstjórn við framhaldsskóla séu tiltekin



Menntaskólinn á Ísafirði.

sérstaklega í lögum, reglu-
gerðum eða kjarasamning-
um. Jafnframt segir að skóla-
meistara hafi verið heimilt að binda enda á sviðsstjórn stefn-
anda þegar ljóst hafi orðið að hún fullnægði ekki kröfum fyrir sviðsstjórn við skólann og hafði enga formlega menn-
tun á því fagsviði og er um það vísað til sjónarmiða um brostnar forsendur.

Í dómi Héraðsdóms Reyk-
javíkur segir meðal annars:
„Eigi verður fallist á sjónar-
mið stefnda, sem lúta að brostnum forsendum fyrir starfi stefnanda sem sviðs-
stjóra, enda var skólameistara MÍ með vissu kunnugt um það frá því í maí 2004 og mátti vera um það kunnugt miklu lengur að stefnandi upp-
fyllti ekki lögbundin skilyrði

kennsluréttinda í tungumál-
um. Engu breytir í því efni þótt rétt kunni að vera að skólameistari hafi komist að því skömmu fyrir þá ákvörð-
un, sem hún tók 23. febrúar 2005 og mál þetta snýst um, að stefnandi stundaði ekki fjarnám í ensku við Kennara-
háskólann eins og hún hafði boðað í bréfi 10. maí 2004. Stefnandi var fyrirvaralaust

svipt sviðsstjórastarfi sínu sem henni hafði verið veitt til ákveðins tíma og án uppsagn-
arákvæðis. Um starf (hlut-
verk) var að ræða sem auglýst hafði verið og veitt stefnanda eftir umsókn hans en ekki verkefni sem skólameistari setti hana til af verkstjórnar-
valdi sínu. Stefnandi verður því talin hafa átt andmælarétt samkvæmt 13. gr. stjórnslu-
laga nr. 37/1993 og verður ekki litið svo á að augljóslega hafi verið óþarft að hún ætti þess kost að tjá sig um efni hinnar íþyngjandi ákvörðunar enda eru ekki lög- eða sam-
ningsbundin skilyrði fyrir því að framhaldsskólakennara sé falin sviðsstjórn. Þá er ekki fallist á að viðræður stefnanda og skólameistarans í maí 2004 geti falið í sér að stefnandi hafi verið veitt færi til andmæla gegn hinni umstefndu ákvörð-
un sem var tekin 23. febrúar 2005 enda fól framangreint bréf stefnanda 10. maí 2004 einungis í sér að hún lýsti sig andvígla hugmynd skólameis-
tara að hún tæki á sér aðrar kennslugreinar í stað ensku. Þegar af þeirri ástæðu að and-
mælaréttar stefnanda var ekki gætt var ákvörðunin ólöglegt.“

Tryggja á að Austurvöllur á Ísafirði verði áfram skilgreindur sem skráðgarður

Til stendur að gera breyt-
ingu á aðalskipulagi til að tryggja að Austurvöllur verði áfram skilgreindur sem skráð-
garður, en eins og kunnugt er hefur nýlegri breytingu á að-
alskipulagi þar sem Austur-
völlur er skilgreindur sem svæði fyrir opinberar byg-
ingar verið harðlega mótmælt. Birna Lárusdóttir, forseti bæj-
arstjórnar, lagði fram bókun á fundi bæjarstjórnar þar sem segir: „Bæjarstjórn leggur áherslu á að ekki stendur til að byggja á Austurvelli eða breyta garðinum frá því sem nú er. Aðalskipulagi er breytt til samræmis við deiliskipulag frá 16. október 1997, til að framkvæmdir við skólabyg-
gingu geti hafist. Síðar verður

gerð breyting á skipulaginu til að staðfesta þann vilja bæj-
arstjórnar að Austurvöllur verði áfram skilgreindur sem skráðgarður.“

Tillagan var samþykkt með sjö atkvæðum á móti einu at-
kvæði Sæmundar Þorvalds-
sonar, sem bókaði á fundi um hverfisnefndar á dögnum að hann teldi að með því að skil-

greina garðinn sem svæði fyrir opinberar byggingar væru dagar hans sem almennings-
garðs taldir.

Aðspurður um hvers vegna breyting á aðalskipulagi verði gerð „síðar“ eins og segir í bókuninni segir Halldór að þetta muni ekki bíða. „Þetta er nýtt ferli“, segir Halldór. „Aðalskipulagið mun gilda í nokkra mánuði en við setjum strax af stað ferli til þess að breyta þessu og áréttu vilja okkar til að Austurvöllur verði áfram skilgreindur sem skráð-

garður. Þetta þarf auðvitað að fara í gegnum sams konar ferli og núverandi aðalskipulag, það þarf að auglýsa þetta og ganga frá þessu öllu“. Þá segir Halldór að breyting á aðal-
skipulagi taki að lágmarki tólf vikur. „Það sem við gerðum núna var einfaldlega að breyta aðalskipulagi til samræmis við deiliskipulag, því ef þetta samræmi skortir megum við ekki byggja nýja skólahús-
næðið.“

Blómagarðurinn er einn af elstu skipulögðum gördum landsins og er rúmrar hálftrar aldar gamall. Ísafjarðarbær er líklega það bæjarfélag sem á flesta af elstu og merkilegustu skráðgördum landsins. Þar er fyrstan að nefna Skráð á Núpi í Dýrafirði frá 1909, Jónsgarð á Ísafirði frá 1923, Simsons-
garð frá árunum 1920- 1930 og svo Austurvöll frá 1954. Fyrsti faglaræði íslensks lands-
lagsarkitekt íslendinga, Jón H. Björnsson, hannaði garðana. Hallargarðurinn í Reykjavík hannaði hann 1953 og Austur-
völl 1954. – eirikur@bb.is

greina garðinn sem svæði fyrir opinberar byggingar væru dagar hans sem almennings-
garðs taldir.

Blómagarðurinn er einn af elstu skipulögðum gördum

landsins og er rúmrar hálftrar aldar gamall. Ísafjarðarbær er líklega það bæjarfélag sem á flesta af elstu og merkilegustu skráðgördum landsins. Þar er fyrstan að nefna Skráð á Núpi í Dýrafirði frá 1909, Jónsgarð á Ísafirði frá 1923, Simsons-
garð frá árunum 1920- 1930 og svo Austurvöll frá 1954. Fyrsti faglaræði íslensks lands-
lagsarkitekt íslendinga, Jón H. Björnsson, hannaði garðana. Hallargarðurinn í Reykjavík hannaði hann 1953 og Austur-
völl 1954. – eirikur@bb.is

Meiraprófsnámskeið

· leigubifreið · vörubifreið · hópþing · eftirvagn

Ísfirðingar og nágrannar ath!

Námskeið til aukinna ökuréttinda verður haldið á Ísafirði laugardaginn 10. júní nk.

Ath! Verkalýðsfélag veita allt að 80 þúsund króna styrk.

Skráning í sínum 581 2780, 822 2908 og 692 4124.
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða.

Ökuskóli S.G.

Varp bjargfugla á Hornströndum með minnsta móti vegna ágangs refs

Tófan er skæður keppinautur eggjatökumanna í Hornbjargi og er nú komið svo að fuglum hefur stórfækkað á þessum slóðum. „Eyðingin í neðri hluta bjargsins er alltaf að aukast. Allur lundinn gjör-
samlega horfinn en hann var í tugþúsundum fyrir tíu árum og hefðbundin varpsvæði svartfuglsins orðin eydd nema á þeim stöðum sem tófan kemst ekki“, segir Tryggvi

Guðmundsson lögfræðingur á Ísafirði og eggjatökumaður til margra ára.

Undanfarin ár hefur frést að refnum hafi sífellt fjölgað á Hornströndum frá því að hann var friðaður. Í ætisleit sinni fælist hann burt fugla í Hornbjargi og Hælavíkur-
bjargi sem fá engan frið til að verpa og er varp bjargfugla með minnsta móti þetta árið. Mörgum Ísfirðingum og nær-

sveitarmönnum finnst ómissandi að fá að bragða á svartfuglseggið yfir sumarið og hafa „Strandajaxlar“ farið ár hvert í áratugi norður í bjarg og fært egg heim. Allar líkur eru á því að svo verði ekki í ár að sögn Tryggva.

„Við skruppum norður í síðustu viku en það var aðeins til að ná okkur í soðið. Ég efast um að við munum fara í eggjatökuleit aftur í sumar.“



Meiri möguleikar á að bjarga fólki í dag

Þorbjörn Sveinsson hefur starfað sem slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Ísafjarðar í áratugi og enn lengur sem slökkviliðs- og sjúkraflutningamaður. Þegar hann hóf störf var hann yngsti atvinnumaður landsins en í dag hefur hann hæsta starfsaldur slökkviliðsstjóra. Hann hefur því séð margt á sínum ferli. Svo skemmtilega vill til að sonur hans starfar nú við hlið hans og er þar með þriðji ættliðurinn til að starfa við sjúkraflutninga. Bæjarins besta ræddi við Þorbjörn um starfið áður fyrr og nú, um fjölskyldulífið og eftirminnilegasta brunann sem hann hefur komið að.

– Hvað eru margir sem vinna hjá slökkviliðinu?

„Við erum fjórir starfsmenn í fastri stöðu. Ég, varaslökkviliðsstjóri og tveir starfsmenn á slökkviliðsstöðinni. Í heildina erum við 65 slökkviliðsmenn og það er á Ísafirði, Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Við erum með menn á hverjum stað sem við getum kallað út þegar á þarf. Fjöldinn getur þó farið upp í 70, því þetta er svolítið rokkandi. Við æfum mest í þessum stóra kjarna

sem Ísafjörður er, en reynum að fara annan hvern mánuð á hina staðina. Yfirleitt erum við þó á Ísafirði og öll námskeið eru haldin hér.“

– Hvað felst í þessum æfingum?

„Við æfum reykköfun sem er mjög stór þáttur í slökkvistarfi, síðan förum við í slöngulagnir, hvernig eigi að reisa upp stiga og bjarga út fólki. Það er svo margt sem við gerum að það tæki margar blaðsíður að telja það allt upp.

Við þurfum að vera stöðugt í endurmenntun og fáum kennslu frá Brunamálaskóla Íslands en þaðan eru flestir mínir slökkviliðsmenn menntaðir. Við þurfum að endurmennta okkur á tveggja ára fresti, bæði varðandi slökkvistörf og sjúkraflutninga. Nýlega fóru Sveinn Þorbjörnsson og Hermann Hermannsson til Svíþjóðar í brunamálaskóla. Þar lærðu þeir stjórnun á slökkviliði og eru að færa þær nýjungar sem kenndar voru þar til slökkviliðs Ísafjarðar.“

Allt frá því að taka á móti börnum og sækja ketti upp í staur

– Hvað varð til þess að þú ákvaðst að verða slökkviliðsmaður til þess að byrja með? „Það er nú saga að segja frá því. Þegar ég var fjögurra ára átti ég frænda sem var slökkviliðsmaður, þá varð ég ákveðinn í að verða slökkviliðsmaður og því breytti enginn. Ég byrjaði minn starfsferil hjá

Rafveitu Hafnarfjarðar á því að keyra sjúkrabíl. Svo var sjúkrabíllinn færður yfir á slökkvistöðina og ég fylgdi með. Ég var rétt rúmlega tvítugur og þá var ég yngsti atvinnuslökkviliðsmaðurinn á landinu. Ég hef verið í þessu síðan og í dag er ég elst starfsandi slökkviliðsstjóri á landinu. Þá er ég að tala um starfsaldur ekki lífsaldur“, segir Þorbjörn brosandí.

– Er þetta ljúandi starf?

„Það getur verið það, þetta er mjög erfitt starf. Til dæmis reykköfun í fullum búnaði í miklum hita, þar sem við erum að fara í 600-800 gráðu hita og stundum jafnvel hærri. Þá jafngildir hálf tími í reykköfun tíu tíma erfiðisvinnu. Sjúkraflutningastarfið er einnig mjög erfitt og það er ekki auðvelt að vera innan um mikið slasað fólk, svo að við þurfum að brynja okkur til þess að geta sinnt þessu starfi. Við megum þó ekki brynja okkur svo mjög að við verðum einhverjir járnkallar, við verðum að hafa tilfinningarnar líka.“

– Er erfiðara að sinna svona starfi í svona litlu samfélagi þar sem allir þekkja alla?

„Já, það er tiltölulega erfiðara að vera hér heldur en í Hafnarfirði sem er tvisvar ef ekki þrisvar sinnum stærri bær. Maður þekkir eða kannast við alla og það er óneitanlega erfiðara að vinna með einhvern sem maður þekkir.“

– Hefurðu tölu yfir hversu mörgum þú hefur bjargað?

„Nei, ég hef heldur ekki tölu yfir hversu marga flutninga ég hef farið en þeir eru orðnir æði margir. En ég veit hversu mörgum börnum ég hef tekið á móti. Þau eru orðin 14 talsins. 11 sem ég tók á móti sjálfur og þrjú þar sem ég hef verið viðstaddur. Yfirleitt hef ég tekið á móti þeim í sjúkrabílnum, en líka á leiðinni inn á fæðingardeild, í stigagöngum eða fastur í snjóskafli. Börnin koma þegar þau koma. Það gefur manni mjög mikið að taka á móti börnum.“

– Það er greinilega ýmislegt sem felst í þessu starfi.

„Já, allt frá því að taka á

móti börnum og sækja ketti upp í staur. Í dag er ég þó hættur í sjúkraflutningum. Ég fer í neyðarflutninga ef það vantar mannskap en læt yngri mennina annars um þetta. Ég hef unnið í sjúkraflutningum í yfir 30 ár svo það var kominn tími til.“

Starfið alltaf að batna

– Finnst þér starfið hafa orðið betra eða erfiðara frá því að þú hófst þinn ferill?

„Starfið er alltaf að batna og tækin að skána. Við erum líka að fá afnot af mun fleiri tækjum heldur en áður fyrr. Þetta voru óttaleg húsráð oft á tíðum þegar maður var að byrja og þyrfti að bregðast við ýmsu. Einnig hefur menntunin orðið betri og við förum á fleiri námskeið. Nú erum við einnig með öndunarvélar í bílunum og hjartastuðtæki. Við eigum meiri möguleika á að bjarga fólki í dag. Við erum betur undir það búnir, bæði tækja- og menntunarlega séð.

Bílarnir eru líka bæði orðnir betri og stærri.

Við höfum líka verið ötulir í forvörnum og reynum að segja fólki hvað það getur gert til þess að vera öruggara heima hjá sér. Reykskynjarar eru mjög mikilvægir, hann vakir á meðan heimilisfólkið sefur. Þetta er góður áróður og hann hefur sfast vel inn hjá yngri kynslóðinni, börnunum í skólanum. Sem betur fer hafa Ísfirðingar verið mjög opnir fyrir því að taka þessi öryggis-tæki í notkun. Ég held að nánast á hverju heimili sé reyk-skynjari. Enda hefur bruna-tjónum fækkað mjög mikið frá því að ég byrjaði að starfa hér fyrst. Þá voru þau um 60 á ári en eru um 18 til 20 í dag og þannig hefur það verið um tíma. Ég þakka það bæði okkar forvörnum og líka fólkinu sjálfu. Það passar sig betur.“

– Nú bættist við flota slökkviliðsins nýr dælubíll, hversu miklu máli skiptir það fyrir Ísafjarðarbæ?

„Það skiptir geysimiklu máli fyrir sveitarfélagið að hafa til staðar öflug og góð tæki. Einn svona bíll gæti borgað sig upp á einum bruna, og mun sjálfsagt gera það. Bíllinn kostar þessar X margar krónur og ef við gerum okkur í hugalund verðmætið sem fjögurra manna fjölskylda á í sínu einbýlishúsi. Það sleppur sjálft úr brunanum en bíður þess kannski aldrei bætur. Tapið verður of mikið. Ég heyri oft að fólk sakni sárt fjölskyldumyndanna sinna. Svona persónulegir hlutir hafa svo mikið vægi fyrir einstaklinginn. Þetta er það sem við erum að reyna bjarga með aðstoð góðra tækja.“

– Það má segja að ástandið sé gott þegar það er lítið að gera hjá ykkur.

„Það á alltaf að vera lítið að gera hjá okkur og helst ekki neitt. Hvort sem að það er bruni eða sjúkraflutningur. Þá líður öllum vel. En það er þó alltaf nóg að gera hjá okkur. Við sjáum um þrif og viðhald á öllum tækjum. Þau þurfa ávallt að vera tilbúin fyrir útköll, hverja einustu mínútu. Við erum því að sinna eilífu eftirliti og viðhaldi.

Þegar ég var að byrja í þessu sem ungur maður var viðhorfið að slökkvistarfið væri óttaleg aumingjavinna og að slökkviliðsmennirnir sætu og tefldu allan daginn. Sem betur fer þekkist þetta ekki í dag og fólk ber meiri virðinguna og hlýju til starfsins. Enda veit fólk í dag að við erum til staðar til þess að aðstoða það. Þetta er fyrst og fremst þjónustustarf.“

Þriðji ættliðurinn í sjúkraflutningum

– Nú er sonur þinn, Sveinn, líka í slökkviliðinu er það vegna áhrifa frá þér?

„Nei, alls ekki. Ég hef alveg látið börnin mín í friði varðandi starfið. Þetta er mitt áhugamál og mitt starf.

Ég á fjögur börn og Sveinn, sem er elstur, var sá sem var

harðastur á því að koma aldrei nálægt slökkvistarfinu. Þegar farið var í bæinn þegar hann var lítill var alltaf komið við á slökkvistöðinni og hann var orðinn hundleiður á þessu. Svo æxlaðist það þannig að það forfölluðust tveir menn hjá mér, annar slasaðist og hinn þurfti að fara undir læknishendur. Þá stóð ég einn eftir og var í vandræðum. Ég bað því Svein um að koma að hjálpa mér. Fljótlega sá hann að það var allt í lagi að hjálpa kallinum því að starfið var ekki eins leiðinlegt og hann hélt. Síðan byrjaði hann á að hjálpa mér í sjúkraflutningum og í sumarafleysingum. Á endanum fékk hann menntun sem eldvarnareftirlitsmaður og við fengum heimild til að ráða fjórða manninn á stöðina. Þannig fékk hann fasta stöðu eftir að hafa verið nokkur ár í afleysingum.

Til gamans má segja frá því að sjúkraflutningastarfið virðist ganga í erfðir því ég tók við af föður mínum þegar ég var ungur og Sveinn er að taka við af mér. Hann á son svo það er aldrei að vita hvort það gangi eitthvað lengra, en það kemur bara í ljós. Það virðist allavega vera með þetta starf eins og sjómanninn að synir sjómanna fara líka á sjóinn.“

Slökkviliðsstjórinn æðsti maðurinn í sveitarfélaginu í bruna

– Mundirðu segja að eftir öll þessi ár að þú heðir enn brennandi áhuga fyrir starfinu?

„Kannski ekki jafnmikinn og ég hafði. Ég hef þó alltaf áhuga. Ég hef mjög gaman af þessu starfi, það er krefjandi og gefandi. Alla tíð hef ég verið tilbúinn að fórna mér fram á ystu nöf fyrir starfið. Nú er ég þó ekki eins viljugur og ég var áður að rjúka inn í erfiðar aðstæður. Það er frekar fyrir yngri mennina þó ég sé ætíð með þeim. Það eru t.d. fengnir yngri menn sem eru betur á sig komnir til að fara í reykköfun. Ég gæti það svo sem alveg ennþá en þeir yngri eru betur í stakk búinir til þess. Það er meira að segja í kjarasamningum að menn, 50 ára og eldri, megi sleppa þessum erfiðisverkum. Það er líka mikið sem felst í því að hafa yfirsjón með heilu slökkviliði. Ábyrgðin er alltaf mín. Þegar bruni er þá er samkvæmt lögum slökkviliðsstjórinn æðsti maðurinn í sveitarfélaginu. Það er enginn sem getur komið og sagt honum til eða gripið frammi í fyrir hendurnar á honum. Hann stendur og fellur með sinni ákvörðun.“

– Það er gífurleg ábyrgð. „Já, það er heimikill ábyrgð. Sem betur fer hefur aldrei komið til þess að ég hafi þurft að grípa til þess að beita þessu valdi að neinu marki. Það er alltaf gengið vel, sem betur fer, því að maður vill ekki standa í neinum leiðindum af



þannig toga þegar kemur að eldsvoða eða slys.“

Eftirminnilegasti bruninn á Ísafirði

– Nú er starfið mjög krefjandi, hefurðu getað sinnt fjölskyldulífinu eins og þú hefur viljað?

„Já ég hef nú getað það. Ég tel mig vera mikinn fjölskyldumann. Sá elsti er 33 og sá yngsti 16 ára. Í mínum frístundum hef ég mikið verið með fjölskyldunni minni. Með yngri kraökkunum hef ég verið mikið í hrossum og þegar þau eldri voru lítill ferðuðumst við mikið á sumrin og fórum að veiða og slíkt. Við öll höfum alltaf verið miklar félagsverur og miklir félagar. Og við erum það enn í dag. Það eru mikil tengsl á milli

okkar og maður heldur að sjálfsgöðu eins mikið í þau og hægt er.“

– Hvert er eftirminnilegasta verkið þitt í starfinu?

„Ég á mjög marga bruna. Þeir brunar þar sem mikið manntjón hefur orðið eru mjög eftirminnilegir. En eftirminnilegasti bruninn situr kannski svona fast í minninu vegna þess að ég er með mynd af honum upp á vegg heima hjá mér og hann minnir mig oft á sig. Það var þegar kirkjan okkar Ísfirðinga brann. Þá var ég búinn að vinna herna í ár. Ég bjó inn í Stórholti. Það var ægilega fallett veður þegar útkallið kom. Ég leit út um gluggann og kirkjuturninn var eins og strompur á húsi, svo mikið rauk upp úr henni og reykin lagði beint upp. Við vorum langan tíma að slökkva

eldinn, því það logaði mikið og mikill eldsmatur. En þetta hafðist og slökkvistarfið gekk vel þrátt fyrir að húsið hafi skemmst mikið. Ekkert tjón varð á fólki og við töldum að við hefðum bjargað því sem hægt var að bjarga. Allir útveggir stóðu enn og meira að segja eftir að búið var að svona fast í minninu vegna þess að ég er með mynd af honum upp á vegg heima hjá mér og hann minnir mig oft á sig. Það var þegar kirkjan okkar Ísfirðinga brann. Þá var ég búinn að vinna herna í ár. Ég bjó inn í Stórholti. Það var ægilega fallett veður þegar útkallið kom. Ég leit út um gluggann og kirkjuturninn var eins og strompur á húsi, svo mikið rauk upp úr henni og reykin lagði beint upp. Við vorum langan tíma að slökkva

– Eftir allan þennan tíma fer adrenalínið enn á fullt þegar útkall kemur?

„Já, það gerir það. Maður verður nú að fá eitthvað kikk út úr þessu“, segir Þorbjörn og brosir. „Konan mín segir að alltaf þegar brunaútkall

kemur þá setji ég heimsmet í að klæða mig. Hún heyrir símann hringja, ég er kominn í fötin og svo heyrir hún útdyrahurðina lokast. Það hefur líka komið fyrir að ég fari sokkalaus og allt að því skyrtalaus á stöðina.“

– Er eitthvað sem þú vilt koma að svona í lokin?

„Ekki nema það að slökkviliðið er margfalt öflugra en það var þegar ég tók við því fyrir 20 árum. Við erum með nýrri og öruggari tæki. Mjög þjálfað starfsfólk. Ég treysti þessum strákum í nánast í hvað sem er. Ég vona bara að bæjarbúar haldi áfram að styðja við bakið á okkur eins og þeir hafa gert hingað til“, segir Þorbjörn Sveinsson slökkviliðsstjóri Slökkviliðs Ísafjarðar.

– *thelma@bb.is*

Ný vefsíða hjá Hótel Núpi

Ný vefsíða hefur verið hönnuð fyrir Hótel Núp, Dýrafirði. Inniheldur vefsíðan allar upplýsingar fyrir ferðamenn í leit að gistingu og er þar einnig að finna upplýsingar um veitingastað Hótel Núps. Það er Plan21 sem rekur Hótel Núp.

Mikil áhersla er lögð á veitingastað staðarins og hafa verið ráðnir enskir kokka sem eru menntaðir í frönsku eldhúsi. Alla matseðla má sjá á nýju síðunni ásamt verðum fyrir gistingu. Vefsíðan er hönnuð af Snerpu. Þess má geta að Hótel Edda rak sumarahótel á Núpi í áratug en hætti rekstri þess 2004 og var því ekkert hótel á Núpi í fyrria.

Vilja ráðast í gerð göngustíga

Hafnarstjórn Ísafjarðarbæjar bókaði á fundi sínum á dögunum að hún ítrekaði að farið yrði í lagningu göngustíga frá Sundabakka að safnasvæði og frá báthöfn að upplýsingamiðstöð.

Þá benti hafnarstjórn í þessu sambandi á að 15 þúsund farþegar séu væntanlegir með skemmtiferðaskipum í sumar og því væri nauðsynlegt að ráðist yrði í þessar framkvæmdir strax. Einnig benti hafnarstjórn á að merkja þyrfti gönguleiðir og athyglisverða staði mjög greinilega til upplýsingar fyrir ferðamenn.

Smáauglýsingar

Til leigu eða sölu er 3ja herb. íbúð á Ísafirði. Laus strax. Uppl. í síma 867 0386.

Til sölu er húseignin að Seljalandsvegi 68 sem er sex svefnherbergi og stofa. Uppl. í síma 864 1410 og 456 4786.

Til leigu er 4ra herb. íbúð á eyrinni. Laus frá 1. júlí. Upplýsingar í síma 868 4080.

Til sölu eru tvö reiðhjól, kven- og karlmanns, lítið notuð á kr. 5.000 stykkið. Uppl. í síma 456 3102 og 866 2222 (Þorsteinn).

Til sölu er 3ja herb. íbúð að Sundstræti. Upplýsingar í síma 456 3939 eða 892 3239.



Bensinstankarnir komnir á sinn stað.

Framkvæmdir við nýja bensinstöð á Ísafirði ganga vel

Framkvæmdir við nýja bensinstöð Oliufélagsins hf., á Ísafirði ganga vel að sögn Guðmundar Tryggva Sigurðssonar, deildarstjóra fasteigna- og framkvæmdadeildar Oliufélagsins. „Þetta gengur allt samkvæmt áætlun og jafnvel betur. Við höfum aldrei séð aðra eins vinnu og hjá mönnum sem eru í þessu. Fyrsta og öðrum áfanga verksins er lokið, það er að skipta um tankana. Það gekk mjög vel

og við settum niður tvo fíberhúðaða stáltanka sem þola að liggja í sjó, og er birgðarymi þeirra 100.000 lítrar. Við erum að vinna í umhverfismálunum núna og erum m.a. að koma olíuskiljum fyrir. Næsta áfanga verður lokið í lok þessari viku, þá verður allt burðarvirki til“, segir Guðmundur.

Vestfirskir verktakar ehf. sjá um framkvæmd verksins og Hermann Þorsteinsson hjá

fyrirtækinu tekur í sama streng og Guðmundur og segir allt ganga mjög vel. „Þess má einnig geta að við bensinstöðina verður sennilega fyrsta og eina upphitaða þvottaplanið á Vestfjörðum“, segir Hermann.

Bensinstöðina á að stækka í um 200 m² og færa hana í nútímalegt horf. Allar dætur verða endurnýjaðar, sjálfsali settur upp og skyggni reist yfir dæturnar. Olíufélagið

stefnir á að stöðin verði í fremstu röð á sviði umhverfismála og þjónustustig og vöruúrval verður aukið. Framkvæmdir hófust um miðjan maí og á að vera lokið í sumar. Bráðabirgðastöð hefur verið komið upp og þjónar hún viðskiptavinum þar til nýjar dætur verða komnar upp. Þá hefur verið opnað bráðabirgðapvottaplan hjá húsnæði Ferðapjónustu Margrétar og Guðna á Ísafjarðarhöfn. – gudrun@bb.is

Vá Vesthópurinn fær styrk

Vá Vesthópurinn á Ísafirði fékk styrk úr Forvarnasjóði Lýðheilsustöðvar í ár að upphæð 300.000 krónur. Sótt hafði verið um styrk til að vinna úr svokölluðum rýnifundi sem Vá Vesthópurinn stóð fyrir fyrir í vetur þar sem staðan í vímuefnaförvörnum á norðanverðum Vestfjörðum var skoðuð. „Þessi styrkur

gefur okkur miklu meiri möguleika en við höfðum til að vinna betur úr þeim niðurstöðum sem fram komu hjá þeim fjölmenna hópi er kom til fundar í vetur og lögðu vinnu í þetta verkefni. Við munum vinna með því sama fólki og fleirum við að efla okkur öll, sjá hvar við getum bætt okkur í forvörnum og

hvaða þættir eru að virka vel“, segir í tilkynningu.

Í lok sumars er ætlunin að funda með ákveðnum hópum lykilaðila í samfélaginu hérna á norðanverðum Vestfjörðum og í framhaldi af því ýta úr vör ákveðnum forvarnatengdum verkefnum, auk þeirra sem Vá Vesthópurinn hefur staðið fyrir jafnt og þétt undanfarin

ár. „Við erum hér að tala um viðbót við þá vinnu sem við höfum verið að vinna undanfarin ár, við þurfum greinilega öll að gera betur. Rýnifundurinn var upphafið að þeirri vinnu“, segir í tilkynningu frá Vá Vesthópnum.

Alls hlutu 50 verkefni styrk úr Forvarnasjóði Lýðheilsustöðvar. – thelma@bb.is

Raggagarði fékk milljón

Raggagarði í Súðavík var úthlutað styrk að upphæð ein milljón króna frá Pokasjóði 19. maí sl. Jónas Ágústsson sem á sæti í stjórn garðsins tók við styrknum fyrir hönd félagsins. Peningunum verður varið til kaupa á kastala sem kostar tvær milljónir króna og því vantar enn milljón til að það sé hægt.

Fjáröflun fyrir garðinn stendur yfir allt árið og eru m.a. seldar húfur og bolir í Víkurbúð í Súðavík. Í sumar verða fest niður salernishús sem Vestfirskir verktakar ehf. smíðuðu og gáfu garðinum. Einnig er áætlað að setja upp hliðarstólpa við inngang.

Von á nýjum diskum með Villa Valla

Þessa dagana standa yfir upptökur á nýjum geisladiskum með Vilberg Vilbergssyni rakara, eða Villa Valla eins og hann er yfirleitt kallaður. Langflest löggin á disknum eru eftir Vilberg en ásamt honum flytja þeir Magnús Reynir Guðmundsson og Ólafur Kristjánsson megnið af tónlistinni.

Barnabarn Vilbergs, Viðar Hákon Gíslason sem getið hefur sér gott nafn með hljómsveitinni Trabant, er upptökuþjóri á plötunni og annað barnabarn Vilbergs, Ylfa Mist Helgadóttir syngur á disknum.

Þeir félagar Magnús, Ólafur og Vilberg hafa spilað saman í áratugi við fádæma undirtektir. Von er á nýja disknum næsta haust. – erikur@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Enn af kosningum á Vestfjörðum

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Margt hverfur í skuggann af kosningum og úrslitum þeirra. Svo er um útskrift nemenda úr Menntaskólanum á Ísafirði, er stendur á tímamótum þegar starfi skólameistara, aðstoðarskólameistara og fleiri lýkur. Til hamingju nemendur og kennarar. Árangur náms og kennslu vetrarins er uppskorinn. Megi ykkur og skólanum vegna vel framvegis. Úrslit kosninga í Bolungarvík vöktu eftirtekt. Sjálfstæðisflokkur er nú í minnihluta. Lengi hélt hann um stjórnartaumana, einn eða með öðrum. Í Vesturbyggð sigraði Samstaða með fyrrum sjálfstæðismann og sveitarstjóra Patrekshrepps í forystu. Sjálfstæðisflokkur hafði meirihluta á Tálknafirði með óháðum.

Sennilega ræður afl Sjálfstæðisflokksins á Tálknafirði því að ekki hefur orðið af sameiningu hreppsins við Vesturbyggð. En fólki fækkar því miður stöðugt í vesturhluta Barðastrandarsýslu eins og reyndar annars staðar á Vestfjörðum. Rökrétt afleiðing þess er að stilla saman strengi og vinna byggðinni allt til framdráttar. Ekki eru hreinir flokkslistar í Vesturbyggð, en ljóst að meginstefnan var annars vegar Sjálfstæðisflokks og hins vegar eitthvað sem kenna mætti við Samfylkingu, hugsanlega vafið grænu Framsóknarflokksins að ógleymdum fyrrverandi áhrifamanni Sjálfstæðisflokks. Óskýrar línur í Vesturbyggð eiga ef til vil ýmsar skýringar. Persónuleg tengsl, vinátta eða slit vináttu kunna að skýra að einhverju leyti hve auðvelt

menn eiga með að láta fortíðina og pólitíska stefnu lönd og leið. Gagnast það sveitarfélaginu? Þeirri spurningu verður trausta svarað hér. Ósjálfrátt er sjónum beint að því að sveitarfélögin eru of mörg og smá, kraftlítil til þeirra nauðsynlegra verka sem biða okkar Vestfirðinga svo snúa megi vörn í kraftmikla sókn.

Í nýja sveitarfélaginu í Strandarsýslu sigruðu félagsöflin lista almennra borgara. Er ekki tilfellið að við séum öll almennir borgarar? Gera má ráð fyrir að í sveitarfélagi með 647 íbúa á kjörskrá eins og Bolungarvík, 686 í Vesturbyggð og 370 í Strandabyggð ríki allt önnur viðhorf til þeirra verka sem þarfnast úrlausnar en flokkspólitísk, enda bauð Sjálfstæðisflokkur aðeins fram á tveimur stöðum, Ísafjarðarbæ og Bolungarvík. Hvergi bauð Samfylking fram og Framsóknarflokkur aðeins á einum stað, Ísafjarðarbæ. Í fjórum hreppum voru óbundnar kosningar, kosnir voru menn en ekki listar. Í Reykhólahreppi voru 189 á kjörskrá og þátttaka ríflega 61%, í Súðavíkurhreppi 165, en tæp 67% kusu, í Kaldrananeshreppi voru kjósendur 685 og 75% kusu. Kjósendur sem kusu óhlutbundið skiluðu sér best í Árneshreppi, 36 af 43 kusu eða 83,72%, er nalgast þátttöku í bundnum kosningum. Áhuginn er misjafn en aldrei má gleyma því hve miklu skiptir að kjósa. Þar sem skil voru skörp gerðust tífinndir annars ekki. Meira um það næst.

Bæjarfulltrúar brugðu sér í golf í tilefni af lokum kjörtímabilsins

Á fimmtudag í síðustu viku fór fram síðasti fundur sitjandi bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ. Í tilefni dagsins var brugðið á leik með bæjarfulltrúum. „Við fengum fæst að vita hvað staði til“, segir Halldór Halldórsson bæjarstjóri. „Eftir fundinn var náð í okkur og

farið með okkur á gervigrasvöllinn þar sem við fórum í vítaspyrnukeppni. Síðan fórum við inn á golfvöll og spiluðum golf, sem var mjög gaman og voru mörg okkar að prófa þetta í fyrsta skipti. Að lokum enduðum við í Engidal þar sem við grilluðum.“

Síðustu fjögur árin hafa nýu manns setið í bæjarstjórn, Halldór Halldórsson, Birna Lárusdóttir, Ragnheiður Hákonardóttir, Ingi Þór Ágústsson, Guðni Geir Jóhannesson, Svanlaug Guðnadóttir, Magnús Reynir Guðmundsson, Bryndís Friðgeirsdóttir og

Lárus G. Valdimarsson. Fimm af nýu halda áfram næstu fjögur árin, en það eru Halldór, Birna, Ingi, Guðni og Magnús Reynir. Í stað Svanlaugar, Bryndísar, Ragnheiðar og Lárusar koma Sigurður, Gisli, Arna Lára og Jóna.

– eirikur@bb.is



Komur skemmtiferðaskipa til Ísafjarðar í sumar

Tekjur Ísafjarðarhafnar aukast

Tekjur Ísafjarðarhafnar af komum skemmtiferðaskipa í sumar gætu numið tæpum ellufu milljónum króna ef fer sem horfir, en von er á riflega tuttugu skipum í sumar. Um er að ræða fastan kostnað skipanna samkvæmt gjaldskrá hafnarinnar, en ofan á þessar tekjur bætast síðan þjónustugjöld fyrir sorpeyðingu, vatn og rafmagn. „Tekjur af þjónustugjöldum geta numið allt að þremur milljónum í sumar“, segir Guðmundur M.

Kristjánsson, hafnarstjóri í Ísafjarðarbæ. „En það er erfitt að áætla nákvæmlega um það. MV Athena sem kom á fimmtudag keypti sem dæmi 160 tonn af vatni sem gerir um 24 þúsund krónur, en þetta er mjög misjafnt.“

Í fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir töluverðri tekjuaukningu hafna bæjarins. Tekjurnar aukast bæði vegna síaukinnar vinsælda Ísafjarðarhafnar sem viðkomustaðar skemmti-

ferðaskipa og vegna talsverðrar aukningar á lönduðum afla. Samanlögð stærð skipanna sem koma í sumar verður meira en 100 þúsund brúttótonnum meiri í sumar en síðasta sumar og farþegum fjölga um riflega helming á milli ára, úr riflega 7 þúsund í um 15 þúsund.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir tekjum upp á tæplega 123 milljónir króna og gjöldum upp á tæpar 104 milljónir á árinu. Þá er ráðgert

að framkvæma fyrir tæpar 27 milljónir og gert er ráð fyrir að þeirri fjárförf verði mætt með lántökum. Áfborganir langtímalána er áætlaðar um 18 milljónir. Þjónustugjaldskrá hafnanna hækkar um 5% vegna verðlagshækkana, en aflagjöld verða óbreytt. Gjald fyrir þjónustu hafnsögubáts hækkar um 30%, en eins og alkunna er, kom nýr lóðsbátur, Sturla Halldórsson, til Ísafjarðar síðasta haust.

– eirikur@bb.is

Ásel gefur átta bocciavelli

Ásel ehf. á Ísafirði hefur ákveðið að gefa íbúum Ísafjarðarbæjar átta bocciavelli. „Það er þörf á bocciavöllum í sveitarfélaginu og við viljum bæta úr því. Vinsældir íþróttarinnar hafa farið sívaxandi og við Ísfirðingar eigum nú meira að segja silfurhafa í Ólympíuleikum í Bocca. Okkur hefur komið saman um það

að það vanti átta bocciavelli til að svara eftirspurn“, segir Ingi Þór Stefánsson hjá Áseli. Ekki hefur verið ákveðin nein staðsetning fyrir vellina og óska Ásels-menn nú eftir ábendingum um hvar þeir væri best niðurkomnir.

„Við viljum hvetja fólk til að hafa samband ef það hefur einhverjar óskir um hvar eigi

að staðsetja vellina. Einnig er nágrannabyggðunum frjálst að sækja um líka ef íbúar þeirra hafa áhuga“, segir Ingi Þór. Undanfarin ár hefur Bocca náð miklum vinsældum á Ísafirði sem og víðar á landinu. Reglulega eru haldin mót á Ísafirði og má þar nefna einna helst fyrirtækjamót íþróttafélagsins Ívars, íþrótta-

félag fatlaðra á Ísafirði og í nágrenni, sem haldið er ár hvert.

Þess má geta að það var Héðinn Ólafsson, íþróttamaður á Ísafirði, sem vann til silfurverðlaun á Ólympíuleikum fatlaðra (Special Olympics) sem haldnir voru í Dyflinni á Írlandi árið 2003. Þá varð hann tvöfaldur silfurhafi.

Gróðursettu 500 plöntur á Hrafnseyri

Grunnskólabörn frá Ísafirði og Súðavík gróðursettu 480 plöntur á Hrafnseyri í síðustu viku. Nemendur 8. bekkjar komu frá Ísafirði en allar deildir í Súðavíkurskóla. Þetta er í fyrsta sinn sem krökkum er boðið að gróðursetja á Hrafnseyri sem er einn af

merkustu og jafnframt helguðu sögustöðum landsins. Þá var öllum skólum á norðanverðum Vestfjörðum boðið að taka þátt en Ísfirðingar og Súðvíkingar voru þeir fyrstu til að þiggja boðið.

Hrafnseyri er kirkjustaður og er kirkjan þar meira en

aldargömul, vígð árið 1886. Þar rétt hjá stendur nú endurbyggður fæðingarbær Jóns Sigurðssonar, reistur fyrir fánum árum samkvæmt því sem menn telja sannast og réttast og reyndar liggja merkilegar heimildir þar að baki. Í hinum nýbyggða burstabæ er veit-

ingasala á sumrin.

Á Hrafnseyri er einnig safn Jóns Sigurðssonar þar sem getur að líta fjölda gripa úr eigu Jóns og myndir úr sögu hans. Fyrir um 800 árum bjó þar Hrafn Sveinbjarnarson, eitt af helstu stórmönnum og göfugmennum landsins.



Innritun stendur yfir

Innritun við Menntaskólann á Ísafirði fyrir haustönn 2006 stendur til 12. júní nk. Öll innritun er stafræn.

Frekari upplýsingar veitir skrifstofa skólans, sími 450 4400.

Skólameistari.

Auglýsing um starfsleyfistillögu fyrir fiskeldi Hraðfrystihússins Gunnvarar hf

Í samræmi við 6. gr. í 1. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggur starfsleyfistillaga fyrir framleiðslu á þorski fyrir Hraðfrystihús Gunnvarar hf., Ísafirði, frammi til kynningar á afgreiðslutíma hjá bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar, Hafnarstræti 1, Ísafirði, á tímabilinu frá 9. júní til 4. ágúst 2006.

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillöguna skulu hafa borist Umhverfisstofnun fyrir 4. ágúst 2006. Einnig má nálgast starfsleyfistillöguna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.



Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.

Atvinna

Starfsmaður óskast í 75% starf á skrifstofu F.O.S. Vest tímabundið. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, hafa góða tölvu- og bókhaldskunnáttu (TOK). Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknir berist skriflega til skrifstofu F.O.S. Vest, Aðalstræti 24, Ísafirði sem fyrst.

F.O.S. Vest.



Súðvíkingar tóku til hendinni á Hrafnseyri. Mynd: Valdimar Halldórsson.

Korsmarir & myndir eru hugar í skólinum sem stórt / stórkostlegt.
Dóttir og sonur sjóns Margrétar J. Pálmadóttur



Hvert skref skiptir máli

Kvinnahlaupid 10. júní

MÆTUM ALLAR!

Ísafjörður	Íþróttahúsið Tórtinesi kl. 14
Bolungarvík	Sjá sjóva.is
Patreksfjörður	Sjá sjóva.is
Súðavík	Húsið Verk-Vest (gamla pósthúsinu) kl. 11 Forskráning Víkurbúðin
Flateyri	Sundlauginni & Flateyri kl. 11
Suðureyri	Grunnskólinn & Suðureyri kl. 10 Forskráning Esso skólinn
Barðaströnd	Inni Múla kl. 14
Tálknafjörður	Hlaupið frá Lækjartorgi kl. 11
Bíldudalur	Slökkvistöðin kl. 14
Pingeyri	Íþróttahúsið kl. 11
Hólmanvík	Sóluskólinn kl. 13

MÆTUM ALLAR!

Með kaupum á UNIFEM armbandi* stýður þú konur í Afganistan.
UNIFEM stuðlar að auknum réttindum afganskra kvenna, jafnrétti kynjanna og tryggir þéttbýsku kvenna í uppbyggingarstarfi. Hvert skref skiptir máli!

Upplýsingar um forsölu og hlaupastaði á www.sjova.is

UNIFEM
United Nations Development Fund for Women

*UNIFEM-armbandið kostar 500 kr.

SJÓVÁ KVENNAHLAUP ÍSÍ
www.sjova.is



Dýradagur var haldinn á leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

Dýradagur á Sólborg

Dýradagur var haldinn á leikskólanum Sólborg á Ísafirði á þriðjudag í síðustu viku. Þá voru fengin í heimsókn dýr úr sveitinni, nánar tiltekið kálf, kind með lömb, hunda, önd, kanínu og páfagauk. Auk þess komu börnin með uppáhaldstuskudýrið sitt að heiman. Leikskólabörnin var bæði spenn og forvitin gagnvart gestunum sem voru grandskoðaðir í bak og fyrir. Dýrin virtust ekkert síður hrifin af gestgjöfum sínum og var hnusað vel að litlu höndunum sem færðu þeim gras og brauð að borða. – thelma@bb.is



Ýmis dýr komu í heimsókn á leikskólann úr sveitinni.

SUMARIÐ ER KOMIÐ!

Okkar árlegi sumarblóma markaður hefst í dag á bak við Blómaturninn

Allar plöntur frá Gardyrkjústöð Ingibjargar í Hveragerði

Garðamold 50 kr ltr.

10 stjúpur á kr 880

Blómaturninn
Austurvegi 2, 400 Ísafirði • Sími 456 5297
Vefang: <http://www.blomaturninn.is>



Nemendur 10. bekkjar Grunnskóla Bolungarvíkur heimsóttu Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra. Mynd: Björn Friðrik Brynjólfsson.

Bolvískir grunnskólanemendur heimsóttu sjávarútvegsráðherra

Nemendur 10. bekkjar Grunnskóla Bolungarvíkur heimsóttu Einar K. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra í síðustu viku og kynntu sér starfsemi ráðuneytisins og hvað sveitungr hefur þar fyrir stafni. Heimsóknin var liður í mikilli menningarreisni bekkjarins og fylgdarliðs um Suður- og Vesturland en slíkar innanlandsferðir er árlegur viðburður hjá útskriftarnemum skólans fara ár. Auk þess að heimsækja ráðuneytið gerðu þau margt skemmtilegt og má þar nefna ferð í Bláa lónið, flúðasiglingu í Hvítá, hellaskoðun, leik í litbolta, heimsókn í Bláa lónið og kvöldverður á Argentínu. – thelma@bb.is

Eigendur Vélsmiðjunnar Þrists ehf., á Ísafirði

Vilja byggja verslunarhús

Vélsmiðjan Þristur ehf., á Ísafirði hefur sótt um lóðina að Hafnarstræti 17 til að byggja verslunarhús. Að sögn Óla Reynis Ingimarssonar hjá Þristi er verið að leita að nýju húsnæði undir verslun Þrists, sem hefur verið í Straums-húsinu að Silfurgötu 5.

„Þetta er á frumstigi“, segir Óli. „Fyrsta skrefið var að sækja um og það á eftir að fá þetta samþykkt“. Aðspurður um hvort hugmyndin sé að reisa hús einvörðungu undir verslun Þrists eða stærra hús segist Óli ekki vilja tjá sig um það að svo stöddu. Til stendur

að rífa Straumshúsið þar sem Þristur er til húsa nú, í tengslum við uppbyggingu um Grunnskólann á Ísafirði. Húsið sem stóð við Hafnarstræti 17 var rífið í ágúst í fyrra, en það hafði löngum sett sterkan svip á Eyrina. Umhverfisnefnd tók umsókn

Þrists fyrir á dögunum, en hún frestaði afgreiðslu erindisins og fól tæknideild bæjarins að afla frekari upplýsinga. Nú stendur yfir bygging verslunar- og íbúðarhúsnæðis við Hafnarstræti 19, en þar við hliðina er verslunarhúsið Neisti. – *eirikur@bb.is*



Netheimar flytja yfir í Aðalstræti 20 í haust.

Netheimar flytja í haust

Tölvufyrirtækið Netheimar mun flytja sig yfir Aðalstrætið nú í haust, frá Aðalstræti 27 þar sem það er nú staðsett og yfir í Aðalstræti 20 þar sem Sparisjóður Vestfirðinga hefur verið til húsa. FAS-eignarhaldsfélag á Ísafirði

hefur fest kaup á húsnæðisfélaginu og munu Netheimar leigja húsið af þeim. Húsnæðisstækkunin er ansi mikil en farið er úr 50 fermetra húsnæði í um 220 fermetra húsnæði. „Plássleysið var að drepa okkur“, segir

Magnús Hávarðarson hjá Netheimum. „Við höfum verið að byggja upp reksturinn, vorum tveir í upphafi en nú vinnum við fjórir hérna. Samhliða þessu hyggjumst við endurskoða reksturinn og kanna möguleika á því að

byggja frekar upp og bæta við. Þetta eykur möguleika okkar mikið.“ Aðspurður segir Magnús reksturinn hafa gengið ágætlega, en þetta sé stærsta skrefið sem tekið hefur verið hingað til. – *eirikur@bb.is*

Eitt þúsund og þrjár þakkir frá Í-listanum!

Frambjóðendur Í-listans þakka öllum þeim sem veittu listanum stuðning í nýafstöðnum kosningum til bæjarstjórnar í Ísafjarðarbæ. Ennfremur þökkum við öllum þeim sem lögðu okkur lið í kosningarátunni, með óeigingjörnu starfi. Við getum borið höfuðið hátt í fullvissu þess að við háðum þessa baráttu af heiðarleika og virðingu fyrir kjósendum og andstæðingum okkar. Við uppskárum ekki eins og vonir stóðu til, en getum fullvissað stuðningsmenn okkar og aðra íbúa Ísafjarðarbæjar um það að við munum berjast fyrir hagsmunum þeirra næstu fjögur ár af einuð

og festu. Við höfum á að skipa fjórum bæjarfulltrúum á næsta kjörtímabili. Á þessari stundu stefnir allt í að sömu flokkar muni mynda meirihluta í bæjarstjórn og síðustu átta árin. Við munum sýna þeim samstöðu um þau mál er til framfara horfa en jafnframt mál-efnalegt aðhald og andstöðu þar sem vikið verður af réttir leið. Í-listinn mun næstu fjögur ár vinna í umboði 1003 kjóenda í Ísafjarðarbæ að framgangi þeirra mála sem hann setti fram fyrir kosningarnar. Við heitum því að vinna í samstarfi við bæjarbúa með hags-



Frambjóðendur Í-listans í Ísafjarðarbæ.

muni allra í huga. Þannig viljum við skapa bjartari framtíð fyrir Ísafjarðarbæ. Fyrir hönd frambjóðenda Í-listans,

Sigurður Pétursson, Magnús Reynir Guðmundsson, Arna Lára Jónsdóttir, Jóna Benediktsdóttir.



SÉRKENNSLUSTJÓRI Á SÓLBORG

Leikskólinn Sólborg auglýsir lausa stöðu sérkennslustjóra við leikskólann. Um er að ræða 87,5% stöðu og tímabundið starf til 1. júní 2007. Sólborg er fjögurra deilda skóli með börn á aldrinum 1-6 ára. Nánari upplýsingar veitir Helga Björk Jóhannsdóttir, leikskólastjóri í síma 456 3185, netfang: solborg@isafjordur.is. Umsóknarfrestur er til 3. júlí 2006.



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL löggitur fasteignasali

Hafnarstræti 1 • Ísafirði • Sími 456 3244
Faxi 456 4547 • Netfang: eignir@fusa.is
Heimasíða: www.fusa.is



Hafnarstræti 14, Ísafirði

Liðbylindur á tvímenningarhúsi
um 1000 m² samtals 190
m² að stærð. Fimm svefna-
herbergi, nýlegt eldhúsið og
nýjppakkið íbúðarhluti.

24.000.000,-



Sundstræti 36, Ísafirði

Stærðir og glæsilegt íbúð-
ir í fjölbýlishúsi með lyftu,
rúmgóður þrjú þrjú herbergja
íbúðir ásamt bílstaði í hla-
grymslu á jörðinni.

18,2 & 19.200.000,-



Strokkur 1, Ísafirði

Norðvesturhúsið í hjarta
miðbæjarinnar á Ísafirði. Um er
að ræða jörðina og kjallara,
samtals 211,6 ferm.

29.000.000,-



Strokkur 6, Ísafirði

100 m² þrjú þrjú herbergja íbúð
á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin
eignin, íbúðarhluti nýjppakki,
nýtt elkarparkei og meirihluti
gjöf.

18.500.000,-



Strokkur 8, Ísafirði

Frammherbergja íbúð á 4. vísu
húsi í fjölbýlishúsi ásamt
kjallara og eignarhluti íbúð
húsi með stífgang og íbúð-
er ca. 112 m², en kjalla-
ri er ca. 100 m², samtals er
eignin því 212 m².

18.000.000,-



Strokkur 9, Ísafirði

12 m² þrjú þrjú herbergja íbúð
á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Íbúðin
gjafi er 60,3 m² en stífgangur
í samgöngu er 12 m².

9.900.000,-



Strokkur 10, Ísafirði

172 m² stífgangur á þrjú
herbergja. Sex svefna-herbergi,
dýpur eldhúsi og tvö í kjalla-
ra, stífgangur í kjallara.

12.000.000,-



Strokkur 11, Ísafirði

280 m² stífgangur á tvímen-
ningarhúsi með stífgangur
byggðum íbúðir og stífgangur,
nýtt elkarparkei og meirihluti
gjöf.

18.000.000,-



Sjávarþorp í hnotskurn

Sjávarþorpið Suðureyri – The Original Fishing Village er spennandi verkefni sem verið er að byggja upp á Suðureyri. Það snýst um að bjóða ferðamönnum að staldra við í þorpinu og fá daglegt líf og menningu þess beint í æð. Þetta er nýjung í ferðapjónustu á Íslandi og eru margar áhugaverðar hugmyndir tengdar því í deigluinni. Elías Guðmundsson er einn forsvarsmanna verkefnisins ásamt því að reka gistiheimilið Veg-Guesthouse á Suðureyri. Hér segir hann frá broti af því sem er að gerast í verkefninu um þessar mundir.

„Árið 2004 byrjuðum við að athuga hvað væri hægt að gera til að byggja upp alvöru ferðapjónustu hérna. Við fengum IMG Gallup til að taka þátt í þessu með okkur og gerðum þjónustukönnun. Í henni kom fram að ferðamenn voru ekki með miklar væntingar þegar þeir komu til Suðureyrar en gáfu staðnum topp-einkunn eftir að hafa dvalið hér. Þá var farið út í skipulagða vinnu við að finna út hvað veldur þessu væntingagapi með því að ræða við erlenda ferðamenn sem komu til Suðureyrar. Út úr þeirri vinnu kom varan og verkefnið sem nú er farið í gang.

Auglýsingastofan EnnEmm sér um markaðsmál fyrirtækisins Sjávarþorpið Suðureyri en hlutverk þess fyrirtækis er að kynna ferðapjónustu til innlendra og erlendra ferðamanna með sameiginlegu markaðs-átaki og að kynna Suðureyri sem spennandi áfangastað. Markmið fyrirtækisins er að

bjóða ferðamönnum að upplifa sjávarþorpið Suðureyri eins og það er með þátttöku í daglegu lífi íbúanna og með því að fræðast um lífnaðarhætti og menningu íbúa í litlu sjávarþorpi á Íslandi. Það sem við teljum vera sérstöðu okkar er að enginn annar ferðapjónustuaðili á Íslandi býður upp á tengingu ferðamanna við atvinnumenningu Íslendinga með þátttöku, upplifun og fræðslu með okkar hætti. Á Suðureyri höfum við grunngerðina til að byggja á og smæð samfélagsins gerir vöruna enn meira spennandi. Erlendir stórborgarbúar sem komnir eru á „edge of the arctic“ upplifa stemningu og þjónustu sem þeir finna hvergi annarsstaðar. Hjá okkur kynnast þeir hinu eina sanna sjávarþorpi, sjómannslífi og rómantíkinni við trillubátautgerðina í litlu sjávarþorpi á Íslandi.

Mér finnst upplifunin vera hnotskurnin af því sem er í gangi í ferðapjónustu í heim-

inum. Fólki er farið að bjóðast allt, allt frá geimferðum og ég veit ekki hvað og hvað. Það eru svo miklar öfgar úti í þessum stóra heimi sem við erum ekki þátttakendur í, svo að fólk er farið að sækjast aftur í einfaldleika eins og lítil af-skekkt sjávarþorp eru. Meira að segja er búið að setja þorpi Noregi á heimsminjaskrá, þetta er orðið svo sérstakt. Ég segi oft að Lofoten svæðið sé 10-15 árum á undan okkur í uppbyggingu ferðapjónustu. Þar geturðu t til dæmis siglt á bát upp að fiskvinnslu, í fiskvinnslunni geturðu selt aflann þinn, svo farið og fengið gistingu í fiskvinnslunni og ef þú kemur á bíl þá geturðu líka fengið gistingu þar. Þetta er svona lítið sjávarþorp þar sem er ein fiskvinnsla sem er bæði fiskvinnsla og hótél. Svo eru bara skreiðarhjallarnir fyrir utan.“ Svona umhverfi er annað en í stórborg og það eru gestir úr stórborgum að sækjast eftir.

Þegar við byrjuðum á því að prófa þetta verkefni í fyrra þá hélt ég líka persónulega að upplifunin væri stóra söluvaran hjá okkur. En við komumst að því eftir sumarið að það var fræðslan sem vakti mestan áhuga hjá fólki og þess vegna erum við að fara út í það að byggja áningasvæði fyrir ferðamenn þegar komið er inn í þorpið til að fræða þá um lífið í svona litlu sjávarþorpi. Þeir geta lesið um daglegt líf íbúa í sjávarþorpinu Suðureyri.“

– Þannig að þeir byrja þar og fara svo í ferð? „Já, og svæðið er það stórt að rútur geta stoppað þar við. Þetta eru 16 stór skilti sem hægt er að lesa sig áfram í og sjá myndir úr atvinnulífinu og þess háttar. Ef maður er bara einn á ferð þá er hægt að stoppa þar án þess að fara og upplifa allt sem í boði verður.“

Suðureyri við 66° norður

Útlendingar hafa ekkert vit á því hvað harðfiskhjallur er,

þeir sjá bara einhvern skrýttinn kofa með neti en strax og þú ert búinn að segja þeim frá því þá finnst þeim þetta merkilegt og kaupa sér þá harðfisk til að prófa. Svo geta þeir tekið þátt í daglega lífinu með því að fara í sjóróður með vönnum sjómönnum eða fara í sjóstangaveiði, skoða fiskvinnslu, verka fisk, beita og fódra þorsk í lóninu.“

– Þið ætlið að bjóða upp á ferðir í frystihús.

„Já, við erum að setja á fót skipulagðar ferðir í sjávarþorp fyrir útlendinga. Þá kemurðu og ferð inn í frystihúsið og í smásvona „village walk“. Svo ferðu inn í beitningarskúr og síðan er stoppað á nýju veitingahúsi sem verður opnað í sumar þar sem er hægt að smakka ferska sjávarrétti, svo er hægt að stoppa í bakaleiðinni við lónið og gefa þorsk-inum að borða úr lófanum. Við ætlum að leyfa fólki að taka þátt í daglegu lífi í þorpinu.“

– Og fólk fær að prófa að



Svokallaðir Sjóarabitar frá Góu verða sérstaklega framleiddir fyrir Sjávarþorpið.

verka fisk?
„Já, það er klætt upp í einnota galla og getur fengið að pota í fiskinn.“
– Opnar veitingahúsið í sumar?

„Já, sjávarréttaveitingastaðurinn opnar í sumar, það er verið að byrja á áningarsvæðinu núna, sjóstangaveiðihúsin eru í deiliskipulagi þannig að við vitum ekki hvernig það fer. Svo eru 80 ár núna í sumar síðan Sjóklæðagerð Íslands var stofnuð. Upphaf sjóklæðagerðar á Íslandi var á Suðureyri og frumkvöðullinn kemur þaðan og það á að gera honum skil í smá söluhorni. Þar verða seldar vörur frá Sjóklæðagerðinni og sagt frá upphafi sjóklæðagerðar við 66° norður.

Veiðivöru verða í Essoskál-anum þannig að hægt verður að koma inn í Esso í sumar og leigja bát og veiðistöng og allan búnað og fara sjálfur á bát út í fjörð að veiða.

Svo er líka í deiliskipulagsmeðferð bætt aðgengi að þorskeldinu í lóninu þannig að fólk geti gengið ofaní lónið. Það er svolítið öfgafull framkvæmd en við erum alveg á því að það verði það sem eigi eftir að draga mikið af fólki til okkar því neðansjávar er mikið að sjá og mikið líf.“

Minni áhugi á verkefninu innan Vestfjarða en utan

„Svo er það stórmálið, þetta félag var stofnað sem samvinnufélag til að fá sem flesta aðila að þessu. Strax í dag eru kominn nokkur fyrirtæki sem ætla að vinna að þessu og fyrirtækið er búið að fá töluverðan fjárhagslegan stuðning til að byggja upp. Við eigum eftir að ljúka fjármögnun endanlega, hún er langt komin en fyrirtækið er samt áfram opið fyrir hluthöfum.“

– Eru þetta stórir fjárfestar eða af öllum stærðum?

„Það er enginn aðalfjárfestir í þessu, það má eiginlega segja að það hafi komið eiginlega jafnt frá öllum, þannig séð. Fólk getur alveg komið og tekið þátt í þessu án þess að vera borga einhverjar stórar upphæðir, og það er alveg hægt að taka þátt án þess að borga eitthvað. Það er bara að fá sem flesta að verkefninu svo það sé sameiginlegur hagrur fyrir samfélagið í heild.“

– Eru fjárfestar héðan af svæðinu eða annarstaðar frá?

„Þeir eru annarstaðar frá líka. Það er meiri áhugi fyrir þessu verkefni fyrir utan Vestfjarði, það er töluverður munur á því. Ég held það sé bara það að við erum svo blind á þetta, þetta er svo venjulegt fyrir okkur en sérstakt fyrir öðrum sem búa ekki hérna. Það eru utanaðkomandi augu sem sjá tækifærin í þessu. Við höfum fengið mikil viðbrögð, við erum búin að fara og kynna verkefnið víða um Íslands og það eru komnir samvinnuaðilar utan Suðureyrar og staðan er þannig í dag að það eru fleiri utanaðkomandi

stuðningsaðilar við þetta verkefni heldur en heimanfrá.

Við gerum ráð fyrir að það séu 15 aðilar sem hafa beinar tekjur af þessu, þ.e. hagnist á þessu og þá er hugmyndin að þeir borgi einhver þjónustugjöld inn í verkefnið til að byggja það upp og til verði einhver sjóður. Verkefnið er hugsað sem þriggja ára verkefni og þá á að keyra það í þessi þrjú ár og endurmeta síðan stöðuna eftir þann tíma og ákveða hvort að félagið verði bara leyst upp eða hvað. En að byggja upp ferðapjónustu tekur langan tíma og þetta skeður ekkert allt í sumar, það eru allir meðvitaðir um það að það á að setja peninga í þetta næstu þrjú árin.“

– En byrjar verkefnið í sum-ar?


„Já, það er að byrja núna. Við höfum verið í góðum samskiptum við ferðaskrifstofur bæði hér heima og erlendis og verkefnið hefur víða fengið töluverða umfjöllun. Það má segja að stærsta vandamálið við verkefnið sé það að eftirspurnin er meiri en geta okkar. Við erum t.d. að stækka gistihúsið sem við erum með í þorpinu, á þeim forsendum að það voru 650 gestir sem keyptu gistingu í fyrra en það stefnir í 2000 nú í sumar. Það er um þreföldun og þetta er bara fyrsta ár verkefnisins. Nýtt veitingahús á er líka byggt til að anna þessari eftirspurn. Sumarið í sumar verður mikið til notað til framkvæmda en sumarið 2007 verður vonandi allt farið að virka mjög vel. Þá verður kominn meiri mynd á þetta en það á samt að vera hægt að hafa þetta sem söluvöru í sum-ar.

– Hafið þið einhverja hugmynd um hversu margir koma í heildina í sumar?

„Við sjáum náttúrulega bókunarstöðuna á gistihúsinu og hún segir mikið til um erlenda ferðamenn. Gestakoma í sundlaugina fer bara eftir veðri en til Suðureyrar koma um 25.000 á hverju sumri samkvæmt niðurstöðu skýrslu sem Rögnvaldur Guðmundsson vann fyrir ferðapjónustu á Norðanverðum Vestfjörðum. Við höfum verið svo öfgafull að segja að við ætlum að tvöfalda ferðamannafjöldann sem kemur til Suðureyrar með þessu verkefni, við ætlum að fara með hann upp í 50.000 gesti á ári sem koma inn í þorpið.“

Hagnaðar-drifið verkefni

„Ef núverandi áætlanir um uppbyggingu í þorpinu hjá öllum hagsmunaaðilum sem eru fyrirhugaðar verða framkvæmdar, þá eru það um 100 milljónir sem eru settar í þetta verkefni. Þannig að það er verið að setja verulegan pening í ferðapjónustu á svæðinu. En það er ekki Sjávarþorpið Suðureyri sem er að fjárfesta í þessu heldur aðilar sem koma að því verkefni. Fyrirtækið Sjávarþorpið Suðureyri á bara



að vera til að styðja þá í sínum verkefnum, halda utan um þetta og styðja markaðsstarfið. Vera svona klasamyndun þannig að hagsmunaaðilar sem taka þátt í þessu verkefni hagnist á því.“

– Hvenær mun þetta borga sig?

„Þetta er hagnaðardrifið fyrirtæki, og núverandi ferðapjónusta á Suðureyri er rekin með hagnaði ef ég á að segja það bara beint út. Allar áætlanir sem gerðar hafa verið fyrir verkefnið reikna með því að það sé hagnaðardrifið. En polinmæðin þarf samt að vera a.m.k. þessi þrjú ár sem tekur að byggja þetta upp. Allt sem er búið að kosta til við uppbyggingu í fyrirtækinu Sjávarþorpið Suðureyri ehf hefur allt verið fjármagnað án þess að

taka krónu í lán. Við höfum fengið velvilja hjá góðu fólki og höfum getað haft góðan sjóð til að vinna úr. Rétt er þó að segja að hagsmunaaðilar verkefnisins fjármagna ýmis verkefni innan samstarfsins, þá hver út frá sínum forsendum.

Eins og ég sagði áðan þá er stuðningur við verkefnið héðan af svæðinu áberandi lítill, en áberandi mikill utanað. Við sóttum t.d. um styrk til Vaxtar-samnings Vestfjarða fyrir verkefnið en því var hafnað, þannig að trúin hérna heima fyrir er ekki mikil. Ísafjarðarbær hefur sýnt þessu lítinn sem engan áhuga. Það virðist ekki vera sama hvar uppbyggingin er.

– En hvaðan kemur hugmyndin upphaflega, datt þér

þetta í hug?

„Nei hún kemur í þessu vinnuferli með IMG. Ástæðan fyrir því að þessi hugmynd kemur þar upp er að eftir viðtöl við gestina sem eru búin að vera hjá okkur kemur í ljós að eftirspurnin er eftir þessu, að fá að kynna lífi í svona fiskiþorpi.

– Er verkefnið ekki ótrúleg lyftistöng fyrir allt samfélagið á Suðureyri?

„Ég vona það allavega. Ferðapjónusta hefur verið að byggjast upp hægt og rólega í þorpinu. Fyrir fimm árum síðan gisti enginn erlendur ferðamaður í þorpinu, núna í sumar er gert ráð fyrir 2000 þannig að það munar um þetta. Það gefur líka jákvæða strauma út á við, það er verið að byggja upp.


Á íbúðingum í fyrra kom fram vilji íbúanna til að gera Suðureyri að miðstöð fyrir ferðamenn sem vilja upplifa sjávarþorpið. Þannig að við teljum okkur vera með íbúana

með okkur og það er alveg greinilegt miðað við stuðninginn sem við erum að fá við verkefnið að það er mikill hugur í fólki.

Verkefnið fékk viðurkenningu frá nýsköpunar og vöruþróunarsjóði Samtaka ferðapjónustunnar ásamt Fjord Fishing verkefninu sem mun á síðari stigum tengist okkar verkefni líka.

Svo segjum við alltaf „Lets make a dent in the universe“, við ætlum að marka okkur inn hjá fólki. Samkvæmt hinni svokölluðu 111 reglu, þar sem maður fær 1 stig fyrir að fá hugmynd, 10 stig fyrir að framkvæma hana og 100 stig fyrir að selja hana, erum við sem sagt kominn með 101 stig. Við erum búin að fá hugmyndina og selja hana en framkvæmdatíminn er að teyfa okkur. Við höfum ekki náð að vinna uppbyggingu tengda verkefninu nógu hratt“, segir Elías að lokum.

– gudrun@bb.is



Fisherman's bjórin er sérstaklega framleiddur fyrir Sjávarþorpið á Suðureyri og er kominn á markað.



Suðureyri við Súgandafjörð. Ljós: Mats.

mannlíf

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

til Thelmu
sími 849 8699

Í dag er fimmtudagurinn
8. júní, 160. dagur ársins 2006

Pennan dag árið 1783 hófust Skaftáreldar með eldgosi úr Lakagígum á Síðuafretti. Þetta er talið eitt mesta eldgos á Íslandi. Aldrei mun jafnt mikið hraun hafa runnið í einu gosi. Í kjölfar eldanna (sem einnig eru nefndir Síðueldar) fylgdi harðindakafli, Móðuharðindi. Mannfellir af skorti var mikill.

Pennan dag árið 1789 hófst jarðskjálfahrina á Suðurlandi, frá Selvogi til Þingvalla. Í heila viku voru skjálftar með allt að 10 mínútna millibili. „Land seig norðan Þingvallavatns milli Almannagjár og Hrafnagjár um rúma 60 sentimetra, vellirirnir urðu að mýrlendi og mun það m.a. hafa orðið átylla til að leggja þinghald þar niður árið 1800,“ segir í Náttúru Íslands.

Heimild: *Dagar Íslands*. Jónas Ragnarsson tók saman.

● Á þessum degi fyrir 34 árum



Fyrsta skuttogara Ísfirðinga hleypt af stokkunum

Fyrsti skuttogarinn af sex sem eru í byggingu fyrir Íslendinga í Noregi, var sjósettur 30. maí sl. Eigandi skipsins er Gunnvör hf. á Ísafirði. Þetta er jafnframt fyrsti skuttogarinn af þremur, sem Ísfirðingar hafa fest kaup á í Noregi. Togari þessi sem er 500 tonn er smíðaður hjá Flekkefjord Slipp & Maskinfabrikk. Kaupverð hans er 107,2 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að hann verði afhentur eigendum í september n.k. Þá er gert ráð fyrir að fyrir áramótin verði afhentur annar togarinn af þessum sex, en það er Hraðfrystihúsið Norðurtangi á Ísafirði, sem hann kaupir. Hinir fjórir verða svo smíðaðir á næsta ári, og er gert ráð fyrir að sá síðasti af þeim verði afhentur í desember 1973. Fara þeir til Þingeyrar við Dýrafjörð, Súðavíkur, Ísafjarðar og Dalvíkur.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðlæg átt, 3-8m/s og lítilsháttar væta sunnan- og vestanlands, en annars léttkjáð. Hiti 8-17 stig.

Horfur á laugardag:

Fremur hæg SA og austanátt og súld eða þokuloft við suður- og austurströndina en annars léttkjáð.

Horfur á sunnudag:

Stíf austanátt og rigning eða þokusúld, en úrkomulítið á Norðurlandi. Áfram talsverð hlýindi.

Horfur á mánudag:

Stíf austanátt og rigning eða þokusúld.

● Spurning vikunnar

Ætlar þú að taka þátt í hátíðarhöldum sjómannaþingsins í þinni heimabyggð?

Alls svöruðu 617. – Já sögðu 219 eða 36% – Nei sögðu 304 eða 49% – Övíst sögðu 94 eða 15%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? • Gísli Halldór Halldórsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ

Kemur vel undan kosningunum

„Það er allt gott að fréttá af mér. Ég kem ágætlega undan kosningum og hvíta-sunnuhelgi. Ég er ánægður með úrslit kosninganna. Ég hlakka til að takast á við bæjarmálin eftir sumarfríð og mun reyna að gera eins vel og maður getur. Mér líst vel á þennan hóp sem mun skipa nýju bæjarstjórnina. Okkur gekk vel að vinna saman í aðdraganda kosninganna og mér sýnist að við ættum að geta gert góða hluti saman, svo að framhaldið lofar góðu. Ég geri fastlega ráð fyrir því að kjörtímabilið muni ganga vel. Ég mun líka koma endurnærður eftir sumarfríð. Ég er á leið til Króatíu í næstu viku og ætla að hafa það mjög huggulegt þar og hlaða batteríin. Ætla að leigja mér reiðhjól og hjóla um sveitirnar. Svo stefni ég líka á að því að fara á unglingalandsmót sem verður haldið á Laugum í Aðaldal í sumar.“



Klárar systur á Ísafirði

Systurnar Unnur Lilja og Auður Þórisdóttir eru báðar dúxar frá Menntaskólanum á Ísafirði. Unnur Lilja útskrifaðist í fyrra með einkunnina 9,61 og Auður í ár með einkunnina 9,25. BB spjallaði við systurnar og spurði þær m.a. út í hvernig maður færi að því að fá svona góðar einkunnir.

– Nú eruð þið báðar dúxar, hvað er málið, eru þið svona duglegar að læra?

„Já ætli það ekki bara“, segir Auður og hlær. „Við höfum bara lagt ástundun á námið og verið duglegar.“

– Hefur ykkur alltaf gengið vel að læra?

„Já eiginlega“, svara þær báðar og segjast ekki hafa átt í erfiðleikum með lærdóminn.

„Ég hef kannski átt í smá erfiðleikum með stærðfræði en hef alltaf náð að klóra mig áfram“, segir Auður.

– Hverjar voru upphaldsgreinarnar ykkar í menntaskólanum?

„Mínar voru líffræðigreinar og tungumál. Ég átti mér enga grein sem var í minnstu upphaldi en mér gekk síst í stærðfræði“, segir Unnur.

„Mér fannst sálfræði, félagsfræði og tungumál skemmtilegar. Mér fannst náttúru-

fræði og þessar skyldu greinar, eðlisfræði og stærðfræði leiðinlegastar“, segir Auður.

– Er samkeppni á milli ykkar?

„Já, já“, segja þær báðar. „Það hefur hjálpað til að hafa smá samkeppni, reyna að fá hærri einkunn en systirin“, segir Auður.

– Hver eru áhugamál ykkar, hafið þið haft tíma fyrir eitthvað annað en lærdóm?

„Já við erum báðar í tónlistarskólanum, ég er að læra á fiðlu og hef líka verið að læra djassballett“, segir Auður.

„Og ég var að læra á píanó“, segir Unnur.

Skriptir máli að vera jákvæður gagnvart náminu

– Hvernig er með framtíðina, hafið þið eitthvað ákveðið um áframhaldandi nám?

„Ég er í háskólanum núna að læra líffræði“, segir Unnur.

„Ég er að hugsa um að fara í sálfræði í háskólanum en fyrst ætla ég að taka eitt ár í frí og fara til Frakklands að læra frönsku. Ég fer í haust en það er ekki alveg ákveðið hvert ég

fer. Ég er búin að sækja um verkefni hjá Ungt fólk í Evrópu á vegum Evrópusambandsins og er að bíða eftir svörum. Ef það gengur ekki þá ætla ég að fara í tungumálaskóla. Ég ætla allavega að fara“, segir Auður.

– En þú ákvaðst að drífa þig í meira nám Unnur?

„Já, mig langaði ekkert í pásu.“

– Hafið þið þá hugsað ykkur eitthvert framtíðarstarf?

„Mig langar til að starfa sem sálfræðingur“, segir Auður.

Unnur er ekki alveg viss: „Ég veit það ekki, það verður bara að koma í ljós þegar ég er lengra komin í náminu“, segir hún, enda er auðvitað ekkert stress í gangi og liggur ekki á að ákveða það strax.

– En hvernig finnst ykkur að búa á Ísafirði?

„Það er bara mjög fínt, ef maður er duglegur að taka þátt í því sem er í boði þá er mjög gaman að búa hérna. Það er samt örugglega ekki gaman ef maður hangir bara heima og mætir í skólann“, segir Auður og hlær. „Maður verður að gera eitthvað til að það sé skemmtilegt.“

– Ætlið þið að koma aftur hingað eftir nám?

„Það er ekki ákveðið“, segir Auður. „Ef manni býðst starf þá er það alveg inni í myndinni“, segir Unnur.

– Þú ert nú flutt í bæinn Unnur, hvernig finnst þér það?

„Það er bara fínt, ég sakna kannski þínu fjallanna.“

– Hvað ætlið þið að gera í sumar?

„Ég vinn á bæjarskrifstofunni“, segir Unnur og Auður segist vinna á Hlíff og í Faktörshúsinu.

– Hvað gerið þið svo í frítímanum?

„Unnur gerir svolítið af því að teikna og við lesum mikið af bókum“, segir Auður. „Svo er maður bara að skemmta sér með vinum sínum og bara þetta sem fólk gerir“, segir Unnur.

– Einhver ráð handa námsmönnum að lokum?

„Já, maður verður að passa að sýna jafna ástundun, það skiptir rosalega miklu máli“, segir Unnur.

„Líka bara að vera jákvæður gagnvart náminu og sínum árangri“, bætir Auður við. „Já, þó það sé leiðinlegt þá gengur manni betur ef maður er jákvæður“, segir Unnur að lokum.

– gudrun@bb.is

Gott að skemmta sér í Kaupmannahöfn



„Uppáhaldsborgin mín er Kaupmannahöfn. Það er gaman að skemmta sér þar og gaman að koma þangað. Þetta er mjög falleg borg. Ég hef komið þangað þrisvar sinnum og það kemur vel til greina að fara Kaupmannahafnar einhvern tímann aftur, ekki síst vegna þess að það er ódýrt að fara þangað. Ekki í ár samt þar sem ég er nýkominn frá Spáni en kannski næsta sumar. Það er aldrei að vita.“



Stjórnlaus atburðarás

Innan Framsóknar falla nú öll vötn til Brúnastaða. Það þurfi litla framsýni til að spá því hér á síðunni í fyrradag. Ég tók þó eftir að forsiður dagblaðanna voru á öðru máli - töluðu um óvissa stöðu Guðna - sem framvindan hefur sýnt að var kolrangt mat. Upplýst er að Halldór fékk hann til að fallast á samkomulag um að þeir hættu báðir, svo fremi full samstaða næðist. Samkomulagið breyttist, skv. lýsingu Guðna, af því samstaðan var ekki fyrir hendi, og Halldór kynnti annað samkomulag á Þingvallafundinum en Guðni var aðili að. Þar með var hann laus undan samningnum. Um leið var Guðni búinn að taka Halldór á ippon. Forsætisráðherra, sem er búinn að tilkynna afsögn, getur ekki hætt við það. Þar með var brautin rudd fyrir valdatöku Guðna - svo fremi hann kjósi það sjálfur. Í öllu falli mun hann úr þessu ráða hver verður næsti formaður Framsóknar.

Starfið eykur sjálfstraustið

Unglingadeild Björgunar-sveitar Ísafjarðar, Hafstjarnan, hyggur á að fara í fræðsluferð til Bretlands þar sem þau heimsækja unglinga á svipuðu reki. Loftur Gísli Jóhannsson og Birgitta Rós Guðbjartsdóttir eru í unglingadeild Hafstjörnunnar auk þess sem þau eru nú bæði komin í björgunarsveitina. Þau spjölluðu við BB um Hafstjörnuna og ferðina.

„Unglingadeildin er á leið til Bretlands á stað sem heitir Tisdale að hitta aðra unglingadeild hjá björgunarsveitinni þar“, segir Loftur Gísli.

„Unglingadeildin á Ísafirði hefur einu sinni áður farið út og fór þá til Englands. Deildin í Tisdale mun heimsækja okkur í staðinn, væntanlega á næsta ári. Okkur hefur lengi langað til að fara í svona ferð og höfum verið að hugsa um það síðustu tvö ár“, segir Birgitta Rós.

„Við lærum svo mikið af svona heimsókn. Við förum út þar sem þau taka á móti okkar og kynna sína starfsemi fyrir okkur. Við munum svo endurgjalda þeim greiðann þegar þau koma til okkar“, segir Loftur.

„Þetta er náttúrulega allt öðruvísi en hjá okkur. Allt öðruvísi umhverfi og aðrar kringumstæður. Öryggisráðstafanir eru líka meiri úti og strangari reglur. Það er ekki svo margar unglingardeildir þarna úti og þarf að framfylgja vissum reglum svo það megi reka slíkar deildir“, segir Birgitta.



Birgitta Rós Guðbjartsdóttir og Loftur Gísli Jóhannsson.

– Hvað eru margir félagar í Hafstjörnunni?

„Það eru um 30 skráðir en ekki nema um 15 sem eru virkir. Elsti hópurinn fer þó eingöngu út. Það eru tíu krakkar og þrír umsjónarmenn. Það er allavega stefnan núna. Við förum út 21. júlí og komum aftur heim þann 30.“, segir Loftur.

– Hvað felst í starfi Hafstjörnunnar?

„Þetta er æfing fyrir verðandi björgunarmenn og kynning á starfsemi björgunarsveitarinnar. Í unglingadeildinni byrjar maður fyrst á því að læra að bjarga sjálfum sér. Maður fer líka í gegn-

um ýmis námskeið sem þarf að standast til að komast í björgunarsveitina. Þá eru íboði skyndihjálparnámskeið, sjó- og fjallabjörgun, bara ýmislegt eftir því hvað einstaklingurinn ætlar að sérhæfa sig í þegar hann er kominn í björgunarsveitina. Þetta er líka skemmtilegt félagsstarf. Við erum ekki með skipulagðar æfingar eins og björgunarsveitin, en við förum í bátsferðir, ferðalög og slíkt og maður lærir alltaf eitthvað í hvert skipti“, segir Birgitta.

„Stjórnin innan unglingadeildarinnar sér nokkurn veginn um sig sjálf. Svo eru tveir umsjónarmenn sem halda utan

um starfið og sjá til þess að enginn fari sér að voða. Vegna þess sjálfstæðis læra krakkarnir heilmikið“, segir Loftur.

„Þetta er mjög mikilvægt starf sem fer fram hjá Hafstjörnunni því þar er fólkið sem mun í framtíðinni fara í útköll og hugsanlega bjarga lífum. Ekki eru þó allir í Hafstjörnunni sem verða björgunarsveitarmenn. Það er líka fólgið í starfinu að gefa krökkum færi á að kynna sér það hvort þau hafi virkilega áhuga á því að fara í björgunarsveitina. Ætli það sé ekki um 40% af þeim í Hafstjörnunni sem fara í björgunarsveitina“, segir Birgitta.

„Það eru margir sem fara í gegnum unglingadeildina án þess að fara í björgunarsveitina enda er hún ætluð sem kynning á starfsemi sinni svo að fólk geti gert upp hug sinn hvort það ætli að fara áfram. Krakkar í 8. bekk mega skrá sig í Hafstjörnuna en 17 ára í björgunarsveitina. Þeir fá þó ekki að vera í nein útköll fyrr en þeir eru orðnir 18 ára, bara upp á andlegan þroska að gera“, segir Loftur.

– Er jafnt stelpur sem strákar sem taka þátt í þessu starfi?

„Alls ekki, því miður því mér finnst starfið efla sjálfstraust og þá sérstaklega hjá stelpum. Ég var lengi vel ein en svo sameinuðust við unglingadeildinni á Suðureyri og þá komu tvær stelpur þaðan sem eru mjög virkar. Það fara bara þrjár stelpur sem fara í ferðina af tíu krökkum.

Ferðin á eftir að kosta okkur mikinn pening og við erum að byrja að finna leiðir til þess að fjármagna hana. Við bjóðum okkur því fram við að vinna ýmis verk. Ef einhvern vantar vinnuaf þá getum við hjálpað til í staðinn fyrir einhvern pening. Styrkir eru að sjálfsögðu velkomnir líka“, segir Birgitta brosandi. Þeir sem hafa áhuga á því að styrkja Hafstjörnuna í ferð þeirra til Bretlands, hvort sem það er með frjálsum framlögum eða í skiptum fyrir vinnu, er bent á að hafa samband við Loft Gísla umsjónarmann í síma 866 5483.

– thelma@bb.is

● Stuttar fréttir

Úlfar þjálfar í Bolungarvík

Úlfar Jónsson golfþjálfari verður staddur á Syðridalsvelli dagana 10.-11. júní þar sem hann mun leiðbeina og þjálf áhugasama golfara. Úlfar, sem er margfaldur Íslandsmeistari í golfi, mun fara í vel flestar útfærslur golf-sveiflunnar, vippisveiflunnar og þúttstrokunnar og leggja áherslu á þau atriði sem brýnust eru fyrir hvern nemanda, að því er fram kemur á vikari.is. Úlfar kom til Bolungarvíkur síðasta haust og komust færra að en vildu. „Kennslan fer fram á Syðridalsvelli ef veður leyfir en verður færð í íþróttamiðstöðina Árbæ ef veður verður óhagstætt.

Skógræktin fær styrk

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að veita Skógræktarfélagi Ísafjarðar styrk að upphæð 300 þúsund krónur til gróðursetningar um 9000 trjá-plantna í sumar. Félagið stótti um hálfa milljón, en við úthlutun umhverfisstyrkja var umsókn félagsins hafnað án skýringa. Plönturnar eru væntanlegar til Ísafjarðar fljótlega, og fór félagið því fram á að styrkurinn yrði veittur, sem varð til þess eins og áður segir að félagið færi nú 60% af þeim styrk sem sótt var um.

Nýjar tölvur

Tölvunefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt fram tillögur til endurnýjunar tölvubúnaðar, grunnnets og IP-símakerfis. Gert er ráð fyrir því í tillögnum að keypt verði ný IBM iSeries megintölva sem taka á við hlutverki núverandi megintölva. Enn fremur er gerð tillaga um endurnýjun á þráðlausu tölvusamskiptakerfi, kaup á IP-símakerfi og endurnýjun á tölvuvélasal. Kostnaður við þessar fjárfestingar er áætlaður vera um 21,1 milljón krónur og dreift sá kostnaður yfir þrjú ár.

Hlusta mikið á jazz og funk

1. David Bowie - The Man Who Sold The World
Heyrði lag þetta fyrst með Nirvana og fílaði vel en þegar ég heyrði það með Bowie, kolféll ég fyrir því og fæ ekki leið á því.

2. Jamiroquai - Space Cowboy
Hef hlustað á Jamiroquai síðan fyrsta platan þeirra kom út. Þetta er mitt uppáhald með þeim.

3. Herbie Hancock – Sly

Ég hlusta mikið á Jazz og Funk. Herbie stendur alltaf fyrir sínu þar og Sly svínvirkar á mig.

4. Grant Nelson – Life
Þá má nú ekki vanta hressandi House á eðal safndiska.

5. Mad Season - Wake Up
Hljómsveit sem var sett saman af meðlimum Pearl Jam, Alice in Chains og the Screaming Trees. Fékk slæma gagnrýni nánast allstaðar, sem ég skil ekki. Gott

stöff hér á ferð.

6. Ella Fitzgerald - How High the Moon
Ótrúlega góð jazz söngkona. Alltaf gaman að hlusta á hana í þessu lagi.

7. The Mars Volta - Inertia ESP
Flott öðruvísi rokk hljómsveit sem hefur heillað mig frá upphafi. Þetta lag finnst mér standa uppúr.

8. Labi Siffre – Vulture

Með flottari fönk lögum sem ég hef heyrt. Þetta er fyrir alla fönkbolta.

9. Led Zeppelin - Babe I'm Gonna Leave You
Þetta lag kom mér inn í Zeppelin. Eitt af því besta sem hefur komið fyrir mig.

10. Muse - New Born
Þetta kemur mér bara alltaf í stuð. Gott að klára dæmið í stuði og með engu tuði.



Baldur Páll Hólmgeirsson.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTI
Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

PÓSTURINN
allur pakkinn

bb.is – fjölsóttasti vestfirski vefurinn

Gestir skemmtiferðaskipa skilja eftir sig hátt í hundrað milljónir

Samkvæmt könnun sem að Cruise Iceland gerði á Akureyri síðasta sumar er gróðinn þar um 5 þúsund krónur á hvern farþega með skemmtiferðaskipum. Að sögn Guðmundar Björns Eypórssonar, fráfari framkvæmdastjóra hjá Vesturförðum á Ísafirði, hefur enn ekki verið framkvæmd sams konar könnun hér vestra. Til stóð að gera könnun af þessu tagi síðasta sumar en hún féll niður þegar rannsakandinn veðurteptist í Reykjavík. Guðmundur segir þó að alls ekki sé ólíklegt að farþegareyði svipað miklu hér vestra og á Akureyri. „Sumir gestir sem koma eyða mjög miklu, aðrir minna“, segir

Guðmundur. „Ferðirnar á Akureyri eru að vísu nokkuð lengri en ferðirnar sem við bjóðum upp á hér, og þar af leiðandi dýrari, en ég tel engu að síður ekki ólíklegt að þetta sé mjög svipað. Ekki meira, en mjög svipað.“

Samkvæmt síðustu tölum er von á um 15 þúsund farþegum í sumar og verða því ríflega 73 milljónir sem verða eftir í sveitarfélaginu, standist þetta. Ríflega tvöföldun er á farþegafjölda á milli ára en síðasta sumar komu 7.245 farþegar til Ísafjarðar. Fjölgun skipa er nokkur en aðallega má þó skýra fjölgun farþega með því að skipin eru töluvert stærri en áður hefur verið.

Fyrsta skipið, Mona Lisa, kom í síðustu viku en það er breskt og flytur 778 farþega og síðasta skipið kemur 9. september, en það er skemmtiferðaskipið Sea Princess, sem einnig er stærsta skip sumarsins, rétt um 77 þúsund br.tonn og ber 1.950 farþega. Meðal annarra stórra skipa sem von er á eru Amsterdam, sem er tæpt 61 þúsund br.tonn og ber 1.653 farþega, Maasdam sem er ríflega 55 þúsund br.tonn og ber 1.266 farþega og Marco Polo sem er ríflega 22 þúsund br.tonn og ber 850 farþega. Minnsta skipið sem von er á er Kristina Regina, en það er 4 þúsund br.tonn og ber 250 farþega. – eirikur@bb.is



Mona Lisa var fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins. Ljóm: Þorsteinn J. Tómasson.

Málefнасamningur undirritaður

Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks í Ísafjarðarbæ skrifuðu á föstudag undir málefnasamning í garðinum Skráði í Dýrafirði, og skuldbinda sig þar með til að halda áfram því meirihlutasamstarfi sem verið hefur síðustu átta árin og má búast við því, komi ekki eitthvað upp á, að núverandi meirihluti sem í dag undirritaði málefnasamning sitji til ársins 2010 hið minnsta. Samkvæmt málefnasamningnum verður bæjarstjóri frá Sjálfstæðisflokki, en formaður bæjarráðs frá Framsóknarflokki. Halldór Halldórsson verður endurráðinn bæjarstjóri. Leita á samstarfs við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum um að vinna eftir hugmyndafraði um stóriðjulausa Vestfirði, endurskoða á bæjarmálasamþykktina á árinu sem og stuðning við menningarstarfsemi.

Þá á að skipuleggja íbúðing til að auka lýðræði, og stefna að skipun nefndar um mögulega sameiningu við nágrennsveitarfélögin. Vinna á að byggingu hjúkrunarheimilis, og er sett krafa um tryggjar samgöngur vegna sjúkraflugs og farþegaflugs og þrýsta á ríkisvaldið um nútímalegar samgöngur í jarðgöngum milli byggðarlaga og eru sérstaklega nefnd jarðgöng úr Dýrafirði yfir í Vatnsfjörð.

Þá kemur fram að stofna eigi styrktarsjóð fyrir fyrirtæki í nýsköpun. Leikskólavist skal vera gjaldfrjáls fyrir fimm ára börn og leikskólagjöld lækkuð frá og með áramótum 2006/2007. Gera á tilraun með gjaldfrjálsa strætisvagna á árinu 2007, og á sama ári tilraun með að hafa frítt í sund fyrir börn og unglinga upp að 16 ára aldri. Stofna á Frístundaskóla sem samræmir nám og



Oddvitar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, Halldór Halldórsson, bæjarstjóri og Guðni Geir Jóhannesson, handsala samninginn. Ljóm: Guðfinna Hreiðarsdóttir.

íþróttastarf barna og byggingu sparkvelli í öllum byggðakjörnum á árunum 2006 og 2007, auk þóttvallar fyrir eldri borgara á Torfnes. Austurvöllur

skal áfram skilgreindur sem skruðgarður, og ljúka á skipulagi fyrir Suðurtanga. Þá skal kannað hvort ekki megi stækka friðlandið á Horn-

ströndum og vinna og vinna að nýju deiliskipulagi fyrir hvern byggðakjarna í Ísafjarðarbæ.

– eirikur@bb.is



Ísafjarðarbær 10 ára

Ísafjarðarbær varð tíu ára á fimmtudag, en það var 1. júní árið 1996 sem sveitarfélögin Ísafjarðar-kaupstaður, Suðureyrarhreppur, Þingeyrarhreppur, Flateyrarhreppur, Mýrahreppur og Mosvallahreppur sameinuðust í Ísafjarðarbæ. Að sögn Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar í átta af þessum tíu árum, stendur til að halda upp á afmælið seinni part sumars eða í haust.

„Það er svo mikið um að vera hjá okkur nú í júní að við ákvöðum að halda upp á afmælið með haustinu“, segir Halldór.

Samkvæmt áætlun Hagstofu Íslands bjuggu 4.106 manns í Ísafjarðarbæ þann 1. apríl síðastliðinn. Ísafjarðarbær er stærsta sveitarfélag á Vestfjörðum og þar hefur löngum verið mikið og merkt menningarlíf. Þess má svo einnig geta að Ísafjörður sjálfur fékk kaupstaðaréttindi 26. janúar 1866 og fagnaði því 140 ára afmæli fyrir á árinu.

– eirikur@bb.is

Tekjur Ísafjarðarbæjar 226 milljónir umfram gjöld

Samkvæmt skýrslu um rekstur og fjárfestingar Ísafjarðarbæjar fyrstu fjóra mánuði ársins voru tekjur 833 milljónir króna, en gert er ráð fyrir að þær verði 2.382 á árinu öllu. Gjöld án reiknaðra liða voru 607 milljónir, en eiga að vera 2.270 á árinu. Gjöld skiptast þannig að laun og launatengd gjöld voru rétt ríflega helmingur

gjalda, eða 310 milljónir og eiga að vera 1.093 samkvæmt áætlun fyrir árið.

Önnur rekstrargjöld voru þá 282 milljónir en eiga að vera 1.131 milljónir samkvæmt áætlun fyrir árið, og fjármagnskostnaður var 15 milljónir en á að vera 46 milljónir samkvæmt áætlun fyrir árið allt. Tekjur umfram gjöld voru því

226 milljónir fyrstu fjóra mánuði ársins, en einungis var gert ráð fyrir að þær yrðu 112 milljónir allt árið í ár.

Fjárfestingar fyrstu fjóra mánuðina voru 51 milljón, en gert var ráð fyrir 271 milljón allt árið. Framlegð frá rekstri fyrir afborganir langra lána var því um 175 milljónir.

– eirikur@bb.is



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.